

Sp.

447. Skýrsla

Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra til Alþingis 1982 um utanríkismál.

I. Inngangur.

Í upphafi skýrslu minnar á s. l. ári tók ég upp orðréttan úr stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar þann kafla sem fjallar um utanríkismál o. fl. Tel ég eftir atvikum rétt, að taka þennan kafla einnig upp í þessari skýrslu, en hann er á þessa leið:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Í því sambandi verði þátttaka Íslendinga í starfi Sameinuðu þjóðanna og Norðurlandaráðs sérstaklega styrkt.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir samningum við Norðmenn til þess að tryggja fiskveiðiréttindi Íslendinga á Jan Mayen svæðinu og fullnægjandi vernd fiskstofnanna þar. Jafnframt verði hafsbotnsréttindi Íslendinga á svæðinu tryggð.

Öryggismálanefndin hraði störfum sínum og geri reglulegar áfangaskýrslur um störf sín.

Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstjórnarinnar.

Undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Athugað verði, hvort rétt sé að breyta því skipulagi, að utanríkisráðuneytið hafi yfirstjórn allra málaflokka á Keflavíkurflugvelli.“

Í síðustu skýrslu minni benti ég á, að í þessum ákvæðum fælust engin meiri háttar nýmæli og því yrði fylgt í meginatriðum sömu utanríkisstefnu og farið hefur verið eftir á undanförunum árum. Síðan vakti ég athygli á því, að alkunna væri, að einn stjórnarflokkanna — Alþýðubandalagið — hefði í grundvallaratriðum aðra stefnu í öryggis- og varnarmálum og væri sú stefna þess óbreytt þrátt fyrir stjórnarsáttmálann.

Varðandi einstök framkvæmdarákvæði utanríkismálakafans skal tekið fram, að samkomulag hefur nú verið gert við Norðmenn um Jan Mayen svæðið, bæði um afmörkun lögsögu, fiskveiði- og landgrunns-mál. Unnið hefur verið að endurskoðun áætlana um flugstöð á Keflavíkurflugvelli og ennfremur hef ég látið ráðuneyti mitt fylgjast sérstaklega með starfsemi Norðurlandaráðs, þótt aðrir þættir norrænnar samvinnu komi fremur til kasta míns ráðuneytis en sjálft ráðið, sem er á ábyrgð þjóðþinganna á Norðurlöndum. Þátttaka okkar í starfsemi Sameinuðu þjóðanna hefur verið eins öflug og unnt er með þeim takmarkaða mannafla, sem yfir er að ráða.

II. Alþjóðamál.

Á því ári, sem liðið er frá því ég gaf síðustu heildarskýrslu mína um utanríkismál hefur fátt jákvætt gerst á vettvangi alþjóðamála annað en það, að nú eru hafnar viðræður milli Bandaríkjamanna og Sovétmanna um takmörkun meðaldrægra eldflauga í Evrópu, svo-

nefndar INF-viðræður í Genf og nokkrar líkur eru enn á að viðræður þessara aðila um takmörkun eða samdrátt í langdrægum eldflaugum geti hafist með vorinu. Á hinn bóginn hafa ný vandamál bæst við og önnur hafa orðið alvarlegri og erfiðari viðfangs.

Andstæðurnar milli austurs og vesturs eru nú skarpari en þær hafa verið allt frá tímum kalda stríðsins og ná til flestra þátta í samskiptum þessara aðila. Ófriðarblikur hafa enn á ný aukist í austurlöndum nær, spennan hefur vaxið í mið-Ameríku og lítið miðar í afvopnunarviðræðum og norður-suður viðræðunum um nýskipan alþjóða efnahagsmála. Við þetta bætast síðan þeir efnahagsörðugleikar, sem gengið hafa yfir flest iðnvædd ríki á vesturlöndum og atvinnuleysi tugmilljóna manna. Þessi vandamál má að nokkru rekja til verðkúgunar olíuframleiðsluríkja en ekki síður til vaxandi sjálfvirkni í iðnaði og aukinnar samkeppni frá láglaunaríkjum í Asíu og víðar. Þau hafa síðan valdið stöðnun og jafnvel samdrætti í framlögum iðnríkja til aðstoðar við þau ríki, sem mestrar aðstoðar þarfnast, og dregið úr áhuga sem vænta mátti á raunhæfum aðgerðum til að breyta skipan alþjóða efnahagsmála til hagsbóta fyrir þróunarrikin. Þarna er því um sjálfheldu að ræða, sem erfitt verður að komast úr. Enn eru fá teikn á lofti um skjótan bata nema helst sú lækun olíuverðs, sem nú á sér stað vegna offramboðs, en erfitt er að segja til um hversu langvarandi hún verður eða hversu mikil áhrif hún hefur ein sér á ástandið.

Áður en ég fjalla um samskipti austurs og vesturs tel ég rétt að víkja að málefnum tveggja ríkja, sem mikið hafa verið í sviðsljósinu að undanfögnu án þess þó að hafa átt mikinn þátt í versnandi sambúð austurs og vesturs, þ. e. Tyrklands og El Salvador.

Tyrkland er gamalt stórveldi sem að mestu leyti liggur utan marka Evrópu. Menning þjóðarinnar er ekki af evrópskum toga spunnin og Islam eru hin ríkjandi trúarbrögð. Það er aðeins rösk hálf öld síðan Mustafa Kemal Atatürk ákvað að opna allar gáttir til vesturs og taka upp vestræna siði og háttu á sem flestum sviðum. Þjóðin er enn mjög fátæk og stórir hlutar landsins vanþróaðir. Við það bætist að minnihlutahópar telja sig misrétti beitta og svifast einskis til að vekja athygli á kröfum sínum.

Síðustu 12 mánuðina fyrir valdatöku hersins haustið 1980 urðu 3.000 manns fórnarlömb þeirrar ógnaraldar, sem yfir þjóðina gekk. Lýðræðislegir stjórnarhættir áttu í vök að verjast og stjórnleysi og upplausn blasti við. Við þessar aðstæður greip tyrkneski herinn inn í þróun mála og tók sér alræðisvald í landinu. Leiðtogar hans lýstu því yfir, að tilgangur valdatökunnar væri að koma aftur á friði í landinu og skapa aðstæður til að endurreisa lýðræði. Herinn hafði áður gripið til svipaðra ráðstafana og staðið við fyrirheit sín um að skila völdunum til lýðræðislega kjörinna fulltrúa og verulegur hluti þjóðarinnar virðist því að nokkru hafa sætt sig við herlögin.

Um síðustu áramót skýrði herstjórnin frá áætlunum sínum um þjóðaratkvæði um nýja stjórnarskrá í haust og frjálsar kosningar haustið 1983 eða vorið 1984. Ýmislegt er enn óljóst um hvaða ákvæði muni felast í hinn nýju stjórnarskrá og hvort hún muni tryggja fullt lýðræði í landinu aftur. Fyrr en hún hefur séð dagsins ljós er því lítið hægt að fullyrða.

Framkvæmd herlaga í Tyrklandi hefur á ýmsan hátt verið harðneskjuleg. Víðtæk og alvarleg mannréttindabrot hafa verið framin. Stjórnmalasamtök og verkalýðsfélög hafa verið bönnuð, margir forystumenn þeirra samtaka hafa verið fangelsaðir og því er jafnframt haldið fram að pyntingar hafi átt sér stað. Herföngjastjórnin hefur sætt mikilli gagnrýni á meðal lýðræðisþjóða. Alþjóðasamtök, svo sem Efnahagsbandalagið og Evrópuráðið hafa gert ályktanir, þar sem stjórnaritarið í Tyrklandi hefur verið fordæmt og jafnframt leitað líklegustu leiða til úrbóta. Að því er unnið, m. a. á vettvangi Evrópuráðsins, þótt þar greini menn vissulega á um bestu málsmeðferðina.

Ég mun fjalla um ástandið í Póllandi í tengslum við samskipti austurs og vesturs en ég vil strax undirstrika að enda þótt herlög ríki bæði í Tyrklandi og Póllandi þá er grundvallar-munur þarna á milli. Í Tyrklandi gripur herinn inn í til þess að afstýra frekari ógnaröld og

endanlegu skipbroti lýðræðis. Þetta gerir hann án nokkurra utanaðkomandi áhrifa, að því er virðist með stuðningi eða skilningi mikils hluta þjóðarinnar og með því yfirlýsta markmiði að endurreisa lýðræði í landinu. Í Póllandi tekur herinn öll völd undir beinum þrýstingi og ógnun um að annars muni önnur ríki taka til sinna ráða. Valdatakan er augljóslega í beinni andstöðu við vilja yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar, gerð í því skyni einu að slökkva þann litla neista frelsis og lýðræðis sem þar hafði kviknað og ætlað að tryggja að slíkir neistar kvikni þar ekki aftur um ófyrirsjáanlega framtíð.

Í skýrslu minni á s. l. ári vék ég nokkuð að málefnum El Salvador. Því fer fjarri að ástandið hafi batnað á þeim tíma sem síðan er liðinn. Ógnaröldin er alls ráðandi og ýmsar fylkingar til hægri og vinstri keppast um að myrða andstæðingana en allur almenningur í landinu líður mest, eins og oftast vill verða. Það yrði of langt mál að reyna hér að skilgreina ástandið í El Salvador og benda á líklegustu lausnirnar. Almennar kosningar standa fyrir dyrum en vandséð er að þær geti leyst mikið eins og í pottinn er búið. Ýmsir vinstri flokkar fá ekki að taka þátt í kosningunum eða vilja það ekki, og framboð eða jafnvel aðeins þátttaka í atkvæðagreiðslu getur jafngilt dauðadómi frá einhverjum þeirra fylkinga, sem berjast um völdin. Núverandi ríkisstjórn í landinu er blanda af herforingjastjórn og borgaralegri stjórn, lítils megnug og sjálfri sér sundurþykk. Hún hefur reynt að skipta stórum jarðeignum milli smábænda til að draga úr þjóðfélagsmisréttinu en árangur af því starfi er enn óviss vegna upplausnarástandsins í landinu. Bandaríkjamenn hafa veitt stjórninni hernaðaraðstoð til að berjast við skæruliðaafylkingu vinstri manna, sem þeir segja studda af ýmsum kommúnistarríkjum og jafnframt veita Bandaríkjamenn stjórninni nokkra efnahagsaðstoð í von um að hún styrki stöðu kristilegra demókrata Duarte í kosningunum og þar með aðstöðu miðju-manna í stjórnmalum El Salvador.

Sameinuðu þjóðirnar hafa tvívegis ályktað um ástandið í El Salvador. Þar hafa aðilar verið vittir fyrir framferði sitt og skorað á þá að taka upp viðræður til að leysa málin á friðsamlegan hátt. Ísland hefur greitt þessum tillögum atkvæði sitt, en því miður bendir enn ekkert til að friðsamleg lausn sé í sjónmáli. Sumir þeirra hópa, sem berjast við ríkisstjórnina hafa gefið til kynna, að þeir kunni að vera reiðubúnir til samningaviðræðna, en stjórnin er því andvíg og vísar m. a. til kosninganna, sem fram eiga að fara.

Ástandið í sumum öðrum mið-Ameríkurríkjum, einkum Guatemala, er í sjálfu sér ekki mikið betra en í El Salvador. Mesta ógnunin við frið og stöðugleika í þessum ríkjum er fátækt, félagslegt óréttlæti og alræðisvald fámennisstjórna. Aðeins með auknu jafnræði, aukinni almennri menntun og efnahagslegri uppbyggingu verður hægt að stuðla að lýðræðisþróun og forða því að sterkir öfgahópar steypi þessum ríkjum út í alræðisvald kommúnismans. Þegar svo er komið gefast tækifærin ekki til að skoða hug sinn að nýju og hyggja að því hvort aðrar leiðir væri ekki gæfulegri. Næg eru dæmin til að sanna það.

Samskipti austurs og vesturs.

Undir lok sjöunda áratugarins og á fyrra helmingi síðastliðins áratugar fóru samskipti vestrænna ríkja og kommúnistaríkjanna í austur-Evrópu batnandi. Ýmsar ástæður lágu til þessarar þróunar og má þar m. a. nefna „Ostpolitik“ Sambandslýðveldisins Þýskalands. Þjóðir Evrópu og Norður-Ameríku urðu ásattar um að staðfesta vilja sinn til aukinna og vinsamlegri samskipta með undirritun lokasamþykktar Öryggismálaráðstefnu Evrópu. Í henni er að finna ýmsar meginreglur, sem ríkin skulu fylgja í samskiptum sínum við önnur ríki, þegna þeirra og eigin þegna. Einnig var á þessum tíma ákveðið að efna til samningaviðræðna um gagnkvæman samdrátt í herafla í mið-Evrópu. Í kjölfar þessarar þróunar minnkaði áhersla vestrænna ríkja á vígbúnað verulega, en framlög til annarra málaflokka svo sem félagslegra umbóta voru aukin. Stóð svo lengstan hluta síðasta áratugar, eða þar til ljóst þótti að eitt ríki, Sovétríkin, hefði síður en svo dregið úr áherslu sinni á aukinn vígbúnað.

Var þar enginn þáttur vígbúnaðar undanskilinn þótt mestum áhyggjum yllu SS-20 eldflaugarnar, sem beint er að skotmörkum í Vestur-Evrópu. Síðan kom innrás Sovétríkja í Afghanistan. Því miður hefur fordæming yfirgnæfandi meirihluta þjóða heims á þessari innrás og krafan um brottför sovéska herliðsins ekki borið neinn árangur. Verulegur hluti afghönsku þjóðarinnar hefur flúið land og mótspyrna hinna, sem eftir sitja, er miskunnarlaust brotin á bak aftur. Vestrænar þjóðir hafa talið þetta skýlaust brot á þeim hegðunarreglum, sem gilda eiga í samskiptum þjóða og staðfestar hafa verið í alþjóðasamningum og nú síðast með lokasamþykkt Öryggismálaráðstefnunnar. Og nú hafa þeir atburðir gerst í Evrópu, sem telja verður gróft brot á nær öllum þeim meginreglum, sem settar eru í lokasamþykkt Helsinki-ráðstefnunnar, þ. e. valdataka hersins í Póllandi.

Enn einu sinni hefur það fengist staðfest að kommúnistískt þjóðskipulag þolir ekki frelsi og nægir því til sönnunar að nefna atburðina í Austur-Pýskalandi 1953, Ungverjalandi 1956, Tékkóslóvakíu 1968 og Póllandi 1981. Allt er þetta staðfesting á óbreyttu eðli kommúnistísku stjórnarfars. Þjóðum Austur-Evrópu hefur aldrei verið gefinn kostur á að tjá sig um þetta kerfi í frjálsum kosningum. Kerfið þolir hvorki samkeppni við aðra hugmyndafræði né viðurkenningu almennra mannréttinda. Kerfið getur ekki einu sinni afsakað sig með að það tryggi íbúunum efnaleg gæði. Þróunin í pólskum efnahagsmálum er lýsandi dæmi um vanmáttinn einnig á þessu sviði. Eina svar þessa gjaldþrota þjóðskipulags er grímulaus valdbeiting og kúgun.

Það kann að vera óljóst hver bein afskipti Sovétstjórnin hefur haft af atburðum í Póllandi, en það breytir engu um þá meginstaðreynd að án sovéskra áhrifa hefði staða mála verið önnur í Póllandi í dag. Kerfið, sem þykist vera útvalið til að sinna hagsmunum alþýðunnar er enn einu sinni bert að því að berja þessa sömu alþýðu til hlýðni með hervaldi.

Íslendingar hafa með samúð fylgst með viðleitni pólsku þjóðarinnar til að auka frelsi sitt og lýðræði. Við hljótum að krefjast þess að slík þróun sé ekki kæfð í fæðingu með utanáðkomandi hótunum um ofbeldi og kúgun. Við höfum lagt lítinn skerf af mörkum til að lina hungur og þjáníngar í Póllandi af völdum matarskorts og okkur ber tvímælalaus skylda til að halda slíku mannúðarstarfi áfram. Að tilmælum flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin einnig lýst sig reiðubúna til að taka við 20—25 af þeim 40—50 þúsundum flóttamanna frá Póllandi, sem nú hafa leitað hælis í Austurríki. Þetta er ekki há tala, en hlutfallslega er þarna um svipaðan fjölda að ræða og ýmsar nágrannaþjóðir okkar hyggjast taka við.

Atburðirnir í Póllandi varpa dökkum skugga á samskipti austurs og vesturs og valda mjög versnandi sambúð stórveldanna. Sú þróun hefur að sjálfsögu í för með sér aukna hættu fyrir alla heimsbyggðina og því er það enn nauðsynlegra en ella að kröftuglega sé unnið að samningaviðræðum á sviði afvopnarmála og að leitað sé allra raunhæfra leiða til að bæta sambúðina að nýju með því að fá alla aðila til að standa við gefin loforð um hegðunarreglur í alþjóðlegum samskiptum. Sá vettvangur, sem þjóðir Evrópu og Norður-Ameríku hafa hvað mest notað í þessum efnum eru ráðstefnurnar, sem efnt hefur verið til í því skyni að meta framgang málaflókka í lokasamþykkt ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu og ræða, hvað auka megi og bæta. Á árinu 1977 var slík ráðstefna haldin í Belgrad og haustið 1980 hófst næsta ráðstefna í Madrid.

Madridráðstefnan.

Ekki tókst að ná samkomulagi fyrir jólin 1981 um viðunandi lokaskjal Madridráðstefnunnar. Undirbúningsfundur undir ráðstefnuna hófst 9. september 1980. Segja má því, að Madridráðstefnan hafi staðið nokkuð á annað ár, en upphaflega var ráðgert að ljúka ráðstefnunni fyrir áramótin 1980/81.

Það er fyrst og fremst hið ótrygga ástand alþjóðamála, sem ríkt hefur undanfarin tvö ár,

sem sett hefur svip sinn á ráðstefnuna. Talsverður árangur hefur þó náðst í Madrid. Samkomulag er um 80% lokaskjals, en þriðji hluti ráðstefnunnar, sem stóð frá 27. október til 18. desember 1981 bar lítinn árangur. Hlutlausu ríkin fjögur, Austurríki, Finnland, Sviss og Svíþjóð tóku að sér um miðjan nóvember að miðla málum milli Austurs og Vesturs, en vegna innbyrðis ósamkomulags sín á milli, tókst þeim ekki að leggja fram formleg drög að lokaskjali, fyrr en mánuði síðar, ásamt nokkrum óháðum ríkjum, Kýpur, Liechtenstein, San Marino og Júgóslavíu.

Eitt meginverkefni Madridráðstefnunnar er ákvörðun um, hvort halda beri afvopnunarráðstefnu — CDE —, er fjalli fyrst um aðgerðir til að efla traust og á síðara stigi um vopnaeftirlit og afvopnun almennt, gefi fyrri hluti hennar ástæðu til. Gert er ráð fyrir, að aðgerðir þessar — CBM's — verði hernaðarlega mikilvægar, bindandi og háðar eftirliti. Er samkomulag um þessi atriði, en eftir er að ganga frá samkomulagi um víðáttu svæðisins, sem þessar aðgerðir til að efla traust eigi að ná til.

Í stuttu máli er hægt að skilgreina ágreiningsefnin milli Austurs og Vesturs í meginatriðum þannig:

1) Ágreiningurinn um CBM's svæðið, þ. e. a. s. víðáttu svæðisins, sem aðgerðir til að efla traust eiga að ná til, vegur þyngst á metunum. Sovétríkin hafa boðist til þess, að „CBM's svæðið“, sem tilkynna þarf heræfingar fyrirfram á, nái austur að Úralfjöllum gegn „tilsvarandi viðbót“ í vesturátt frá landi þátttökuríkanna í Vestur-Evrópu. Auk þess eigi Miðjarðarhafið að falla inn í myndina. Vesturlönd vilja hins vegar miða svæðið við „alla Evrópu“ og að það nái auk þess til aðliggjandi hafsvæðis og loftrýmis, ef æfingar á sjó og í lofti eru óskiptur hluti af heræfingum á landi, sem tilkynning mun verða gefin um samkvæmt Helsinki lokasamþykktinni. Sovétríkin telja, að tilkynna beri um sjálfstæðar æfingar sjóliðs og flugsveita og halda því fram, að afvopnunarráðstefna Evrópu eigi sjálf að ákveða víðáttu CBM's svæðisins, en ekki Madridráðstefnan. Þetta geta Vesturlönd ekki fallist á.

2) Deilt er um mannréttindamálin. Aðallega um virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi. Vesturlönd telja, að framkvæmd mannréttindaákvæða Helsinkisamþykktarinnar sé mjög ábótavant í Austur-Evrópu og vilja bæta og styrkja ákvæði lokasamþykktarinnar m. a. um, að einstaklingar í öllum þátttökuríkjum geti látið í ljós óháðar skoðanir um framkvæmd mannréttindaákvæðanna. Auk þess vilja Vesturlönd tryggja betur trúarbragðafrelsi og skoðanafrelsi einstaklingsins, en Sovétríkin og fylgiríki þeirra sporna á móti. Vilja þau varla ræða mannréttindamálin fyrr en ákvörðun eða samkomulag um að halda afvopnunarráðstefnu Evrópu liggur fyrir. Vesturlönd telja hins vegar nauðsynlegt, að mannréttindamálin hljóti afgreiðslu samtímis hernaðarhlið öryggismálanna.

3) Ágreiningur er auk þess um þann þátt Helsinki-samþykktarinnar, er varðar mannleg tengsl. Vesturlönd gagnrýna slæga framkvæmd Austur-Evrópuríkjanna á þessum þætti lokasamþykktarinnar, m. a. á ákvæðunum um aukin tengsl og reglulega fundi á grundvelli fjölskyldubanda og endursameiningu fjölskyldna. Ferðalög séu takmörkuð og ferðafrelsi heft. Neitað sé um vegabréfsáritanir til útlanda frá Austur-Evrópuríkjunum í stað þess að rýmka um slíkar reglur. Vegabréfsáritunum til útlanda hafi fækkað verulega á undanfögnu ári.

4) Vesturlönd telja, að engar endurbætur á dreifingu, aðgangi að og skiptum á upplýsingum hafi átt sér stað í ýmsum Austur-Evrópuríkjum. Aðallega hafi Sovétríkin engar ráðstafanir gert til þess að framkvæma ákvæði lokasamþykktarinnar í þessum efnum. Auk þess séu Sovétríkin ekki reiðubúin að samþykka, að gerðir verði gagnkvæmir samningar um opnun og rekstur á lestrarsölum og menningarstofnunum, sem almenningur eigi aðgang að. Starfsemi fréttamanna sé trufluð og takmörkuð í Austur-Evrópu. Hömlur séu þar á dreifingu upplýsingaefnis o. s. frv.

5) Ágreiningur er einnig um, hvar og hvenær halda skuli næstu framhaldsráðstefnu eftir Madrid.

Um miðjan desember s. l., er málamiðlun hlutlausra og óháðra ríkja lauk með nýjum tillögum að lokaskjali, gerðu ýmsir sér vonir um, að hægt yrði að ná samkomulagi milli Austurs og Vesturs um meginágreiningsefnin. Þegar á reyndi kom í ljós að hinn pólitíska vilja vantaði. Setning herlaga í Póllandi á sama tíma og tillögurnar komu fram, átti sinn þátt í því. Vestur-Evrópuríkin telja tillögur hlutlausra og óháðra í sjálfu sér vera góðan grundvöll að frekari samningaviðræðum við Austur-Evrópuríkin, en þau kjósa ekki síður að sjá einhverjar efndir á fyrri loforðum áður en lengra verði haldið.

Madridráðstefnan hófst aftur þriðjudaginn 9. febrúar 1982. Eftir miklar deilur um málefni Póllands og fleiri atriði hefur nú orðið samkomulag um að fresta henni frá 12. mars og hefja fundi að nýju hinn 9. nóvember næstkomandi.

Afvoðnunarmál.

Á fyrsta aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um afvoðnunarmál 1978 lýstu kjarnavopnaríkin yfir samþykki sínu við ýmsar yfirlýsingar sem þar komu fram um að stöðva yrði kjarnavopnakauphlaupið. Sett var á stofn stærri afvoðnunarnefnd í Genf og hafist handa um að hrinda í framkvæmd framkomnum viljayfirlýsingum. Nú, eftir þriggja ára störf, hefur þessi nefnd ekki getað orðið sammála um að leggja fram ein einustu samningsdrög. Reyndar eru tuttugu ár liðin frá því að afvoðunarviðræðurnar hófust upphaflega í Genf og þeir málaflokkar, sem þá lágu fyrir liggja þar enn óleystir. Það gætir því takmarkaðrar bjartsýni um árangur annars aukaallsherjarþingsins um afvoðnunarmál, sem kemur saman í New York dagana 7. júní til 9. júlí næstkomandi.

Sameinuðu þjóðirnar eru að sjálfsögðu víðasti vettvangurinn fyrir afvoðunarviðræður en sá fjöldi þjóða, sem þar á sæti gerir slíkar viðræður á hinn bóginn flóknari og langdregnari en þegar færri þjóðir eiga í hlut. Ýmsir þættir afvoðnunarmála eru og þannig vaxnir að viðræður í þrengri hóp þeirra þjóða, sem mest koma við sögu eru líklegri til árangurs. Þar er einkum um að ræða viðræður milli risaveldanna innbyrðis og milli þeirra og bandalagsríkja þeirra og loks milli allra þeirra þjóða, sem aðild eiga að ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu, eins og ég vék að í kaflanum hér á undan.

Árið 1973 hófust í Vínarborg viðræður fulltrúa Atlantshafs- og Varsjárbandalagsríkja um samdrátt í herafla í mið-Evrópu. Lítið hefur miðað í þessum viðræðum, m. a. vegna þess hve erfitt hefur reynt að ná samkomulagi um grundvallaratriði eins og raunverulegan herstyrk hvors aðila á samningssvæðinu og hvernig fyrstu skref samdráttar ættu að koma til framkvæmda. Sú staðreynd að þessar viðræður skuli hafa staðið í meira en 8 ár sýnir hversu erfitt getur verið að ná samkomulagi um jafnvel mjög afmarkaða þætti vígbúnaðar þegar gagnkvæmt traust er ekki fyrir hendi og aðstöðu skortir til að ganga nákvæmlega úr skugga um styrkleika andstæðingsins.

Nútíma tækni hefur gert stórveldunum kleift að fylgjast nægilega náið með kjarnavopnaviðbúnaði andstæðingsins til að þau geti komist að sameiginlegum niðurstöðum um styrkleikann á einstökum sviðum. Þetta varð grundvöllurinn að SALT I samkomulaginu um takmörkun langdrægra kjarnavopna og átti líka að vera það við gerð SALT II samkomulagsins. Þegar að því kom að fullgilda þetta síðara samkomulag taldi Bandaríkjaþing og stjórn Reagans þó þennan grundvöll ekki nægilega tryggan og óskaði eftir nýjum viðræðum, sem m. a. ættu að stefna að raunverulegri fækkun þessara vopna. Vonast hafði verið til að þessar viðræður myndu hefjast með vorinu, en þó er óljóst, hvort Póllandsmálið og sambúðarferfildleikar stórveldanna almennt, muni valda tregðu Bandaríkjamanna á að hefja þessar viðræður.

Hinn 30. nóvember s. l. hófust í Genf viðræður Bandaríkjamanna og Sovétmanna um meðaldræg kjarnavopn í Evrópu (INF). Of snemmt er að spá nokkru um niðurstöður þessara viðræðna, en fyrstu skrefin hljóta að verða að ákveða, hvaða tegundir vopna falli inn

í þennan viðræðuramma. Þessar INF-viðræður tengjast óhjákvæmilega SALT-viðræðunum á ýmsa vegu, enda telja vesturlönd nauðsynlegt að skoða þessi mál í samhengi.

Það eru ekki síst hinar langdrægu og nákvæmu SS-20 eldflaugar Sovétríkjanna, sem orðið hafa hvatinn að INF-viðræðunum í Genf. Ríki Vestur-Evrópu vöknudu upp við vandan draum eftir að uppsetning þessara vopna var hafin á árinu 1977. Hófust þá fljótlega umræður innan Atlantshafsbandalagsins um viðbrögð við þessari nýju ógnun. Komu þau fram í tvíþættri ákvörðun ráðherrafundar NATO í desember 1979, annars vegar ákvörðun um að komið skyldi fyrir á nokkrum stöðum í Vestur-Evrópu 108 Pershing II eldflaugum og 464 stýriflaugum, öllum búnum kjarnaoddi, en samtímis yrðu jafnmörg eldri kjarnavopn fjarlægð og 1 000 kjarnaoddar til viðbótar. Hins vegar var ákvörðun um að Bandaríkjamenn byðu Sovétmönnum til viðræðna um takmörkun á kjarnaflaugum í Evrópu. Tilgangur þessarar tvíþætta ákvörðunar var að knýja fram samningaviðræður enda lá fyrir að Atlantshafsbandalagið myndi ekki hefja uppsetningu hinna fyrstu af þessum vopnum fyrr en undir lok ársins 1983 og því nokkuð rúmur tími til viðræðna. Í þessu sambandi má geta þess, að nú munu Sovétríkin hafa um það bil 280 SS-20 eldflaugar með þrem kjarnaoddum hverja, flestum er þeim beint að Vestur-Evrópu og ein ný bætist að meðaltali við í viku hverri. Hin þekktá rannsóknastofnun í hernaðarfræði í London (The International Institute for Strategic Studies) telur að kjarnavopnastyrkurinn í Evrópu í dag sé 3,27:1 Sovétríkjunum í hag. Það sem er enn alvarlegra er þó sú staðreynd, að í meðaldrægum kjarnaflaugum á landi eru Sovétríkin nær einráð og þessir yfirburðir bætast við þá verulega yfirburði, sem Sovétríkin hafa alla tíð frá stríðslokum haft í öllum öðrum tegundum vopnabúnaðar.

Ekki þarf að taka það fram, að við Íslendingar styðjum heils hugar allar raunhæfar tilraunir til afvopnunar, en til þess að unnt sé að ræða þessi mál af hreinskilni verða menn að gera sér ljósa grein fyrir grundvallarstaðreyndum. Ófriðarhættu verður ekki bægt frá með einhliða afvopnun vestrænna ríkja. Þvert á móti kynni hún að aukast til muna ef út á þær brautir væri farið. Haldi vígbúnaðarkapphlaupið óheft áfram, er vöðví. Evrópuríkin þurfa því að beita sér fyrir gagnkvæmri takmörkun vígbúnaðar. Markmiðið verður að vera að tryggja að ekki komi til nýrrar styrjaldar í Evrópu. Heimsstyrjöldin síðari kostaði tugi milljóna mannlífa og gífurlega eyðileggingu í Evrópu. Ný styrjöld, jafnvel þótt hún yrði háð án nokkurra kjarnavopna, gæti haft enn skelfilegri afleiðingar.

Austurlönd nær.

Austurlönd nær halda áfram að vera vettvangur mikilla átaka og deilna. Litlar breytingar hafa orðið á stöðu mála í Afganistan, nema helst þær að talið er að Sovétríkin hafi fjölgað í herliði sínu í landinu á s. l. ári. Raunhæfar tillögur til lausnar Afganistanmálinu hafa átt örðugt uppdráttar þær eð afstaða Sovétríkjanna hefur stöðugt verið sú, að atburðirinnir í Afganistan væru innanríkismál stjórnarinnar í Kabúl. Ástæðuna fyrir ófriðnum í Afganistan telja þeir vera þá, að erlend ríki láti „uppreisnarmönnum“ í té hernaðaraðstoð.

Við afgreiðslu Afganistanmálsins á síðasta Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var enn á ný ítrekuð krafan um að allur erlendir her yrði tafarlaust kallaður frá Afganistan. Hlaut sú ályktun jafnvel víðtækari stuðning en áður. Á meðan ekki er farið eftir þessum tillögum er ekki mikil von til að friður komist á og málið fái réttláta lausn fyrir íbúa Afganistan.

Enn er ekki séð fyrir endann á ringulreiðinni í Íran og styrjöldinni milli Írana og Íraka. Nálægar þjóðir eru að reyna að miðla málum en óvíst er um árangur.

Eitt aðalháttusvæðið í Miðausturlöndum er þó sem stendur Suður-Líbanon, þar sem ástandið er ótryggt vegna deilna kristinna manna við múhamedstrúarmenn og Palestínúsmenn og þaðan sem Palestínuskæruliðar ráðast á ísraelskt landsvæði. Hætta er á að Ísrael grípi til meiriháttar hernaðaraðgerða gegn Palestínuskæruliðum í Suður-Líbanon með ófyr-

irsjáanlegum afleiðingum. Slík hernaðarumsvif gætu komi ríkisstjórn Egyptalands í vanda og auk þess orðið vatn á myllu þeirra afla í Egyptalandi sem andsnúin hafa verið friðarsamningum Egypta og Ísraelsmanna. Því má heldur ekki gleyma að í Líbanon eru staðsettir um 30 þúsund sýrlenskir hermenn en Sýrland hefur nán hernaðarleg tengsl við Sovétríkin.

Heildarlausn á hinum flóknu vandamálum fyrir botni Miðjarðarhafs er orðin meira aðkallandi nú en nokkru sinni fyrr. Tryggja verður tilverurétt Ísraels og rétt Palestínubjóðarinnar til sjálfsákvörðunar. Skal minnt á, að við höfum talið og teljum enn, að ályktanir Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 242 og 338 séu sá grundvöllur sem heildarlausn deilumála í þessum heimshluta verði að byggja á.

Það var mikið áfall öllum þeim aðilum, er bundið höfðu vonir við friðsamlega lausn þessara deilumála, er Anwar Sadat Egyptalandsforseti var veginn af öfgamönnum, sem kenndu sig við Islam. Þáttur Sadats í Camp David samkomulaginu var lofsverður og verður Sadats minnst sem einlægs friðarsinna, sem þorði, einn Arabaleiðtoga, að horfast í augu við raunveruleikann og brjóta í blað í sögu þessa heimshluta. Mubarak eftirmaður hans hefur heitið því að fylgja í fótspor Sadats og enn hefur ekkert komið fram sem bendir til annars.

Í samræmi við Camp David samkomulagið hefur nú Ísrael afhent Egyptum aftur tvo þriðju hluta Sinaiskagans. Samkvæmt samkomulaginu á sá þriðjungur, sem eftir er, að afhendast Egyptum hinn 26. apríl n. k. Ísraelsmenn neita að afhenda Austur-Jerúsalem, vesturbakka árinna Jórdan, Gaza svæðið og Gólan hæðirnar, sem reyndar voru formlega innlimaðar í Ísrael í desembermánuði s. l.

Sýnt er að Ísrael nýtur ekki sömu samúðar og áður fyrr vegna einstrengingslegrar afstöðu til áðurgreindra hernaðar svæða og Palestínumanna og hefur einangrun Ísraels í alþjóðlegu samfélagi um þessar mundir verið enn greinilegri en áður. Á það ekki síst við á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Íslendingar voru meðal þeirra þjóða sem studdu stofnun Ísraelsríkis á sínum tíma og höfum við ætíð borið virðingu fyrir Gyðingabjóðinni, sem sannað hefur hugrekki sitt og dugnað við mjög erfiðar aðstæður. Aðstæðurnar hafa þó breyst og er það von okkar að Ísraelsmenn láti ekki leiðast út í neitt það, er spillt geti fyrir þeirri þróun er hófst með gerð Camp David samkomulagsins á meðan hinn aðili samkomulagsins gerir það ekki. Brottför Ísraelsmanna frá herteknu svæðunum hlýtur að vera Ísraelsmönnum sjálfum fyrir bestu og reyndar lífsnaudsýn. Ætti þá jafnframt að vera hægt að sjá fyrir varanlegri og réttlátri lausn á þessum vandamálum.

Sunnanverð Afríka.

Málefni sunnanverðrar Afríku hafa verið í svipuðum farvegi og þegar síðast var gerð skýrsla til Alþingis um utanríkismál. Þó er rétt að minna á vopnaða innrás Suður-Afríku í Angóla síðastliðið haust. Voru ekki allir á eitt sáttir um hver hefði verið tilgangurinn með innrásinni, en líklegt er að ætlunin hafi einkum verið að uppræta skæruliða SWAPO, sem hafa haft griðland í Angóla.

Sambandsnefnd hinna 5 vestrænu ríkja hefur haldið áfram að reyna að fá Suður-Afríkustjórn til að hrinda í framkvæmd 4 ára gamalli áætlun um frjálssar kosningar í Suðvestur-Afríku og sjálfstæði Namibíu með friðsamlegum hætti. Sambandsnefndin hefur haft nána og góða samvinnu við aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í þessu máli, en Suður-Afríka heldur enn sem fyrr áfram að draga málið á langinn. Ísland, ásamt hinum Norðurlöndunum, styður sem fyrr áætlun vestrænu ríkjanna, jafnframt því sem við höfum haldið áfram að styðja þá er mælt hafa fyrir sem mestum þrýstingi á stjórn Suður-Afríku á alþjóðavettvangi. Óþarft ætti að vera að taka fram, að við höldum áfram að fordæma kröftuglega Apartheid stefnu stjórnarinnar í Suður-Afríku.

III. Alþjóðastofnanir og svæðasamtök.

Pátttaka Íslands í starfi alþjóðastofnana og svæðasamtaka var á undanfögnu ári með svipuðu sniði og áður. Um samskipti við helstu alþjóðastofnanir á sviði viðskipta verður fjallað síðar í þessari skýrslu, en hér á eftir verður stuttlega fjallað um nokkrar alþjóðastofnanir og svæðasamtök er fást við málefni, sem hafa verið og eru meginstoðir íslenskrar utanríkisstefnu, fyrst um Sameinuðu þjóðirnar, samtök Norðurlanda og Evrópuráðið, en jafnframt verður að þessu sinni stuttlega vikið að tveimur alþjóðastofnunum, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni. Síðan verður í sérstökum kafla fjallað um Atlantshafsbandalagið um öryggismál Íslands.

Sameinuðu þjóðirnar.

Veigamiklum alþjóðamálum, sem að einhverju leyti hafa komið til kasta Öryggisráðsins og/eða allsherjarþingsins eru gerð skil í ýmsum köflum þessarar skýrslu og vísast því til þeirra. Jafnframt hefur verið gefin út sérstök, mjög ítarleg skýrsla um starfsemi 36. allsherjarþingsins og þátttöku Íslendinga. Er hún lögð fram sem fylgiskjal með þessari skýrslu. Skal þess því eingöngu getið hér, að fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum vinnur mikið starf við að fylgjast með og taka þátt í starfsemi samtakanna og ýmissa sérstofnana þeirra og jafnframt eru sendir fulltrúar að heiman til að taka þátt í störfum allsherjarþings samtakanna. Fastanefndin í Genf hefur, auk starfa að málefnum EFTA, fyrirvar Íslands gagnvart skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Evrópu og ýmsum sérstofnunum samtakanna, sem þar hafa höfuðstöðvar, og sendiráðið í París er jafnframt fastanefnd Íslands hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Náin samráð eiga sér alltaf stað við önnur Norðurlönd um málefni Sameinuðu þjóðanna og er samstaða þessa hóps þeim mikill styrkur þótt þau eigi ekki alltaf samleið þegar að því kemur að taka endanlega afstöðu til mála.

Menningarmálastofnun S.P.

Íslendingar hafa verið aðilar að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna síðan 1964. Starf stofnunarinnar beinist einkum að því að aðstoða við útrýmingu á ólæsi, varðveislu menningarverðmæta, þróun vísinda og tækni í þriðja heiminum, umhverfisvernd, nýtingu auðlinda, þróun fjölmiðla, mannréttindi og tjáningarfrelsi. Af þessum verkefnum hefur fjölmiðlamálið vakið mesta athygli undanfarin ár. Þróunarríkin hafa sakað vestræna fjölmiðla um að sinna lítið og oft rangtúlka fréttir frá þróunarlöndum og hafa því lagt fram tillögur um reglur varðandi fréttamiðlun. Hafa tillögur þessar mætt harðri mótspyrnu vestrænna þjóða, sem telja þær dulbúna ritskoðun. Til að vinna að lausn þessa máls var árið 1981 komið á stofn svonefndri alþjóðafjölmiðlaþróunaráætlun (IPDC). Undir fjölmiðlaáætlun þessa heyrir meðal annars norræna samstarfsverkefnið á sviði fjölmiðla í Austur-Afríku, sem Íslendingar eiga aðild að.

Menningarmálastofnunin veitir árlega styrki til útgáfu á þýðingum ritverka frá smærri aðildarríkjum sínum og einnig til ýmiss konar rannsókna og starfsemi á sviði menningar og vísinda. Hafa ýmsir þessara styrkja komið í hlut Íslendinga.

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin.

Íslendingar hafa verið aðilar að Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) frá stofnun árið 1957. Markmið stofnunarinnar er að tryggja að kjarnorkan sé nýtt í þágu friðar, heilbrigði og velmegunar í heiminum. Stofnunin hefur aðsetur í Vín og heldur þar árlegan aðalfund. Á síðasta aðalfundi kom fram að í árslok 1980 væru starfræktir meira en 300 kjarnorkuofnar til rannsókna í 48 aðildarríkjum og 253 kjarnorkuofnar til rafmagnsfram-

leiðslu í 22 aðildarríkjum, sem framleiða um 8% af raforku heimsins. Er álitíð að sú tala verði um 17% árið 1985, en óvissa ríkir um þróunina að þeim tíma liðnum.

Fjórðungur af útgjöldum stofnunarinnar fer nú til tækniástoðar og hafa Íslendingar hlotið þýðingarmikla styrki til rannsókna á sviði landbúnaðar.

Norðurlandasamvinna.

Í tveimur undanförunum skýrslum mínum til Alþingis var m. a. gerð nokkur grein fyrir tengslum Íslands við Grænland og Færeyjar. Nægir að vísa til þeirra kafla um leið og tekið skal fram að fullur áhugi er á nánari samvinnu við þessa næstu nágretta okkar. Í skýrslunum var jafnframt fjallað um samvinnu Norðurlandanna, einkum á sviði utanríkismála og samstarf þar að lútandi á alþjóðavettvangi. Þessi samvinna hefur haldið áfram að dafna og verið Norðurlöndunum hvati til að standa saman og vera einörð í afstöðu til hinna ýmsu mála á alþjóðavettvangi.

Norðurlöndin hafa oftast nær svipaða afstöðu til alþjóðamála og oft er um að ræða nákvæmlega sömu afstöðu enda grundvallast hún á virðingu fyrir almennum mannréttindum og virðingu fyrir öllum viðurkenndum reglum í samskiptum ríkja á milli. Þetta vill stundum gleymast í þrætum um ákveðna þætti utanríkismála. Norðurlöndin hafa grundvallað stjórnarfar sitt á lýðræði og skipa sér því í sveit hinna alltof fáu lýðræðisríkja heimsins.

Þetta eru atriði, sem ber að hafa í huga þegar metin er afstaða Íslands og annarra Norðurlanda til utanríkismála.

Evrópuráðið.

Evrópuráðið starfaði á árinu 1981 eins og áður í tveimur deildum, ráðherranefndinni og ráðgjafarþinginu. Alþingi á þrjá fulltrúa á ráðgjafarþinginu og þrjá til vara en ráðgjafarþingið er umræðuþing Evrópuráðsins. Ráðgjafarþingið kemur þrisvar saman árlega og afgreiðir niðurstöður sínar til ráðherranefndarinnar. Þar sem Alþingi fer sjálft með málefni þingsins, tel ég ekki ástæðu til að rekja hér sérstaklega störf þess. Án efa munu fulltrúar Alþingis leggja fram sérstaka greinargerð um það efni á svipaðan hátt og þeir gerðu á s. l. ári.

Samkvæmt venju var unnið að ýmsum verkefnum í ráðherranefndinni í samræmi við markmið Evrópuráðsins, en það er m. a., eins og segir í 1. gr. stofnskrárinnar, að koma á nánari einingu meðal þátttökuríkja, í því skyni að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra, svo og til þess að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála.

Auk þessara tveggja málaflokka fjallaði ráðherranefndin um fjölda málaflokka, sem sameiginlega þýðingu hafa fyrir aðildarríkin, svo sem menningar-, mennta- og vísindamálefni, laga- og stjórnarfarsmál, framkvæmd mannréttinda og grundvallar frelsis o. fl.

Í ársbyrjun tók gildi önnur fimm ára starfsáætlun Evrópuráðsins fyrir árin 1981—1986, en sú fyrri, sem starfað hafði verið eftir, féll úr gildi í árslok 1980. Nýja starfsáætlunin er byggð á þeirri þróun, sem átt hefur sér stað innan aðildarríkjanna og sameiginlegum aðgerðum þeirra og samstarfi innan sviðs Evrópuráðsins á s. l. áratug.

Í aðildarríkjum Evrópuráðsins búa um 390 milljónir manna. Þar af um 270 milljónir í löndum Efnahagsbandalagsins.

Ráðherranefndin ræddi þróunina í þjóðfélagsmálefnum Evrópu, en þar hefur mikið atvinnuleysi dregið úr aukningu þjóðarframleiðslu. Verðbólga hefur aukist og má rekja orsakir þessara tveggja aðal meinsemda í efnahagslífi Evrópuráðsríkja að verulegu leyti til mikillar hækkunar á verði olíu.

Mismunur á þjóðartekjum, miðað við íbúa, í þeim aðildarríkjum, sem betur standa og hinum, sem standa höllum fæti efnahags- og félagslega er 5 á móti 1. Ráðherranefndin fól

Framkvæmdasjóði Evrópuráðsins að vinna að því að beina meira fjármagni til hinna fátækari landa Evrópuráðsins, eins og Tyrklands, Portúgals og Grikklands, með það fyrir augum að bæta lífskjörin í þeim löndum. Verður þetta gert, m. a. með auknum lánsútbodum Framkvæmdasjóðsins og viðbótarframlögum aðildarríkja hans í stofnsjóð.

Sú staðreynd, að öll ríki Efnahagsbandalagsins eru auk þess aðilar að Evrópuráðinu leiðir óhjákvæmilega af sér nokkurn tvíverknað, þótt reynt sé að samræma störf þessara tveggja stofnana á þeim sviðum, þar sem svipuð mál eru til afgreiðslu.

Auk þess er góð samvinna við Efnahags- og þróunarstofnunina í París — OECD —, sérstaklega að því er varðar viðleitnina til þess að bæta lífskjörin í þeim aðildarríkjum, sem ver standa efnahagslega. Sér Parísar-skrifstofa Evrópuráðsins aðallega um þessa starfsemi, samkvæmt fyrirætlunum ráðherra nefndarinnar.

Eitt meginverkefni ráðherra nefndarinnar er að fylgjast með þróun samvinnu þátttökuríkja í málefnum Evrópu. Gegnir ráðherra nefndin þar mikilvægu hlutverki í að samræma skoðanir Evrópuráðsríkja í þessu sambandi. Nefndin er vettvangur viðræðna milli EFTA-ríkja og Efnahagsbandalagsríkja um nánari samvinnu að málefnum Evrópu og stefnuna í utanríkismálum almennt.

Á undanförunum árum hefur ráðherra nefndin unnið að því að auka starfsemi Evrópuráðsins á vettvangi stjórnmála. M. a. hafa verið teknar ýmsar stefnumarkandi ákvarðanir í ráðherra nefndinni um nánari samvinnu um það efni. Hefur allmikið reynt á þetta á s. l. ári í sambandi við Madrid-ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu. Reynt hefur verið með góðum árangri að samræma skoðanir allra aðildarríkja í málefnum Madrid-fundarins. Eðlilega koma oft skiptar skoðanir fram í samvinnu 21 ríkis á stjórnmálasviðinu. Þessi samvinna er mjög mikilvæg, þegar ástand alþjóðamála er jafnvíðsjált og reynsla undanfarinna ára hefur sýnt.

Ráðherra nefndin fylgist vel með ástandinu í Tyrklandi eftir valdatöku hersins þar. Er ekki vafamál að mannréttindi hafa verið brotin og því er til athugunar hvernig best verði brugðist við til að mannréttindi og grundvallarfrelsi verði aftur tryggð í Tyrklandi í samræmi við stofnskrá Evrópuráðsins. Málefni Tyrklands eru einnig í athugun hjá ráðgjafarþinginu, sem samþykkti mjög eindregna ályktun vegna ástandsins þar á fundi sínum hinn 28. janúar s. l.

Á s. l. ári fjallaði ráðherra nefndin um og fordæmdi aukin hryðjuverk í Evrópu. Vinnur ráðherra nefndin nú að tillögum um samræmingu aðgerða aðildarríkja gegn hryðjuverkum og hryðjuverkamönnum.

Starfsemi ráðherra nefndarinnar nær einnig út fyrir Evrópu, en reynt er í nefndinni að samræma stefnur og skoðanir aðildarríkja í málefnum Sameinuðu þjóðanna.

Fimm ára starfsáætlunin gerir ráð fyrir átta meginsviðum, er hljóti sérstaka afgreiðslu og athugun á vegum ráðherra nefndarinnar. Starfa íslenskir embættismenn í öllum nefndum, sem um þessi mál fjalla. Evrópuráðið greiðir allan kostnað við þátttöku okkar í sérfræðinganeftum þessum. Fáum við þannig aðstöðu til að njóta verulegra hlunninda á vegum Evrópuráðsins. Auk þess afla sérfræðingar okkar sér aukinnar þekkingar og reynslu á helstu sviðum íslenskrar stjórnsýslu, en einnig geta íslenskir sérfræðingar í mörgum tilvikum miðlað öðrum þátttökuríkjum af reynslu sinni og kunnáttu.

IV. Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands.

Í skýrslum mínum á undanförunum tveimur árum hef ég gert grein fyrir helstu sjónarmiðum mínum varðandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og þarf því ekki að ítreka þau nú. Innan bandalagsins leggjum við höfuðáherslu á að öryggi okkar og bandamanna

okkar í vestrænum ríkjum verði að tryggja og jafnframt að það verði best gert með einörðum og raunhæfum samningaviðræðum er stefni að stöðugleika með svo takmörkuðum vígbúnaði á hvora hlið sem frekast er unnt.

Sérstakur utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins var haldinn hinn 11. janúar s. l. til að fjalla um samskipti austurs og vesturs í ljósi síðustu atburða í Póllandi og setningu herlaga þar. Reglulegur vorfundur utanríkisráðherranna verður haldinn í Luxembourg dagana 17.—18. maí n. k., en síðan verður haldinn í Bonn hinn 10. júní sérstakur fundur æðstu manna í ríkjum Atlantshafsbandalagsins og munu mæta til hans bæði forsetar/forsetisráðherrar og utanríkisráðherrar. Þar verður einkum rætt um stefnumótun vestrænna ríkja í samskiptum austurs og vesturs.

Á s. l. ári ákváðu Spánverjar að leita eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu. Var af þeirra hálfu litið á þá ákvörðun sem eitt af fleiri skrefum, sem Spáni bæri að taka til að tryggja öryggi sitt, auka samstarfið við vestrænar lýðræðisþjóðir og festa þannig nýfengið lýðræði í sessi. Annað skref í þessa átt eru Spánverjar að taka með umsókn um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, en með henni hyggjast þeir rjúfa þá einangrun sem landið var í allan hinn langa valdatíma Francos. Nokkur ár eru nú liðin frá því að einum fyrsta áfanganum var náð í þessari viðleitni, er Spánn gerðist aðili að Evrópuráðinu.

Ég hef litið á beiðni Spánar um aðild að NATO sem jákvæða vísbendingu um eindreginn vilja Spánverja til að skipa sér á bekk með lýðræðisþjóðum og fagna því skilningi allra núverandi aðildarríkja á þessari beiðni og mótatkvæðalausum samþykki Alþingis á þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um aðild Spánar.

Eitt er það mál, sem nokkuð mikið hefur verið rætt á Norðurlöndum á undanförunni ári og verulega snýr að öryggismálum Íslands. Þar á ég við umræðurnar um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum. Ég kys að fjalla um þetta mál fremur í þessum kafla en í greinargerð minni um afvopnunarmál, enda á umræðan varla heima meðal afvopnunarmála svo lengi sem hún beinist að Norðurlöndum eingöngu, þegar af þeirri ástæðu að þar eru engin kjarnavopn í dag og því engin kjarnavopn þar til að eyðileggja eða flytja burtu.

Í fyrirspurnartíma á Alþingi í vetur gerði ég grein fyrir viðhorfum mínum til þessa máls og get því verið fremur stuttur nú. Formlegur samningur um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum er aðeins hugsanlegur sem hluti af samningi milli kjarnavopnaveidanna um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun. Á s. l. sumri kom sú skoðun fram meðal bandamanna okkar í Atlantshafsbandalaginu að yrði þessi hugmynd tekin upp nú í tengslum við nýhafnar viðræður Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í Genf um meðaldrægar eldflaugar í Evrópu myndi hún geta flækt viðræðurnar og tafið árangur af þeim. Á hinn bóginn mætti vel hugsa sér að umræður um þetta atriði kæmu inn á síðara stigi viðræðna eða jafnvel sem hluti af aðgerðum, sem ákveðnar kynnu að verða þegar og ef að veruleika verður sú tillaga, sem Frakkar upphaflega settu fram, um að Madrid-ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu tæki ákvörðun um afvopnunarráðstefnu Evrópu.

Hugmyndina um kjarnavopnalaus svæði í Evrópu má vissulega ræða nánar. Að því er norðurhluta Evrópu varðar hlýtur þó að vera alveg ljóst að ekki er unnt að líta framhjá þeirri staðreynd að kjarnavopn eru til staðar í stórum stíl í næsta nágrenni við Norðurlönd. Á það ekki síst við um víghreiður Sovétríkjanna á Kolaskaga og svo Eystrasaltið, eins og kjarnavopnakafbátur Sovétmanna, sem rak á fjörur Svía, færði okkur áþreifanlega heim sanninn um.

Það á við um Ísland eins og önnur Norðurlönd að þar eru engin kjarnavopn og stefna stjórnvalda er að slík vopn verði þar ekki. Formlegur milliríkjasamningur varðandi þau málefni hlýtur því eingöngu að koma til greina í víðara samhengi þar sem fjallað er um raunverulega tryggingu þjóða Evrópu fyrir auknu öryggi.

Varnarmáladeild.

Starfsemi varnarmáladeildar á árinu 1981 var með hefðbundnum hætti. Verkefni deildarinnar eru í höfuðatriðum tvíþætt, þ. e. annars vegar meðferð mála er snerta framkvæmd varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna og hins vegar ýmis lagaframkvæmd á varnarsvæðunum.

Að því er snertir fyrra atriðið má segja, að samvinna við varnarliðið var mjög góð á árinu og var starfsemi þess með líku sniði og verið hefur. Flugstöðvarmál og umræða um fyrirhugaða eldsneytisgeyma fyrir varnarliðið verða ekki rakin hér, en töluverð vinna var unnin á vegum deildarinnar á árinu vegna þeirra.

Það er nýmæli, að sérstakur fulltrúi frá landhelgisgæslunni hóf störf seint á árinu hjá varnarliðinu og er það liður í framkvæmd á samkomulagi milli Íslands og Bandaríkjanna, er gert var í október 1974.

Fundur um úthlutun framkvæmda til verktaka var haldinn í Norfolk í október á s. l. ári og eru byggingarframkvæmdir á vegum varnarliðsins á þessu ári áætlaðar um 27 milljónir dollara. Þar af nema nýjar framkvæmdir um 8 milljónum dollara.

Samtals störfuðu 1958 Íslendingar á Keflavíkurflugvelli um s. l. áramót. Þar af störfuðu 982 starfsmenn hjá varnarliðinu og 189 starfsmenn við ríkisstofnanir þar.

Farþegar er komu til Keflavíkurflugvallar á árinu voru samtals 141.483, en 129.097 árið 1980. Farþegar er fóru frá landinu um Keflavíkurflugvöll voru 142.511 1981, en 128.777 árið 1980. Viðkomufarþegar voru 147.866 árið 1981 en 138.372 árið 1980. Á tímabilinu 1. mars 1980 til 28. febrúar 1981 höfðu 3.286 farþegavélar viðkomu á Keflavíkurflugvelli og voru þar af 1.450 Flugleiðavélar. Á sama tíma 1981 til 1982 voru þessar tölur 3.538 farþegavélar og þar af 1.437 Flugleiðavélar.

Kannað var hvað mætti endurbæta í veitingarekstri og matarframleiðslu í flugeldhúsi flugstöðvarinnar og í framhaldi af því hefur verið hafist handa um ýmsar breytingar. Horfa þær til sparnaðar á erlendum gjaldeyri, þar eð Flugleiðir munu framvegis miða öll sín innkaup við innlent hráefni, kjöt, smjör, grænmeti, sælgæti o. fl. Fjölgun verður einnig á starfsfólki, sem við þessa framleiðslu vinnur.

Endanlegar tölur liggja ekki fyrir um rekstur Fríhafnarinnar á árinu en áætluð heildarvelta nemur kr. 65.651.865 og áætlaður hagnaður kr. 20.454.649. Þegar áætluð aukning birgða og fjárfestingar eru frátaldar munu skil í ríkissjóð nema 17.000.000 kr. Hagnaðurinn nemur 31% af heildarveltu. Til samanburðar eru 20.5% 1980; 21% 1979; 22.7% 1978 og 21.8% 1977.

Rýrnun var 1.15% af sölu 1981. Til samanburðar 0.97% 1980; 1.31% 1979; 1.21% 1978 og 2.22% 1977.

Reksturskostnaður lögreglustjóraembættisins á Keflavíkurflugvelli nam 14.2 milljónum króna, en heildarinnheimta á vegum embættisins nam 22.5 milljónum króna og innheimtust 99.2% af því, sem til innheimtu kom.

V. Hafréttarmál.

Einn veigamesti málaflokkurinn, sem utanríkisþjónustan hefur fengist við á undanförunum áratugum eru hafréttarmál í víðasta skilningi, þar með talin ýmis mál, sem tengst hafa útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Við getum fagnað því, að nú er óhætt að fullyrða að 200 sjómílna efnahagslögsaga ríkja sé orðin viðurkenndur alþjóðaréttur og frá henni verði ekki snúið, jafnvel þótt svo illa fari að samkomulag takist ekki um alþjóðlegan hafréttarsáttmála. Enn ríkir meiri vafi um endanlegt orðalag þeirra ákvæða væntanlegs hafréttarsáttmála, sem fjalla um ytri mörk landgrunnsins.

Pótt 200 mílna lögsaga sé þannig orðin að veruleika eigum við Íslendingar eftir að útkljá ýmis mál, er varða afmörkun bæði efnhagslögsögu og landgrunns gagnvart nágrannaríkjum okkar, semja við þau um verndun og nýtingu sameiginlegra fiskistofna og stofna sem tímabundið fara um lögsögu fleiri ríkja o. s. frv. Sum þessara mála þarf að semja um sem fyrst, önnur mega bíða endanlegrar úrlausnar þar til hafréttarsáttmáli er fullgerður og enn önnur þarf að semja um á hverju ári eða jafnvel oftar. Þess vegna fer því fjarri að við sjáum nú fyrir endann á störfum utanríkisþjónustunnar að hafréttarmálum, þótt mikilvægustu markmiðunum hafi verið náð.

Hafréttarráðstefna Sameinuðu Þjóðanna.

Fyrri hluti 9. fundar 3. hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna var haldinn í New York 3. mars til 4. apríl og seinni hlutinn í Genf 28. júlí til 29. ágúst 1980. Við lok New York-fundarins voru gefin út endurskoðuð drög að hafréttarsáttmála þar sem m. a. var að finna málamíðlunarákvæði um ytri mörk landgrunnsins og um fjárhagsatriði varðandi málmvinnslu á alþjóðahafsbotnssvæðinu. Einnig var ákvæðunum um skiptingu hafsvæða og landgrunns milli nágrannaríkja breytt.

Á Genf-fundinum tókst síðan að ná samkomulagi um flesta þætti nýtingar hafsbots-svæðisins. M. a. var ákveðið hvernig ákvarðanir skyldu teknar í fyrirhugaðri Alþjóðahafsbotnssstofnun. Í lok Genf-fundarins var gefið út óformlegt uppkast að hafréttarsamningi.

Tíundi fundur Hafréttarráðstefnunnar hófst í New York 9. mars 1981 og stóð hann til 24. apríl 1981. Fundinum var haldið áfram í Genf 3.—28. ágúst 1981.

Bandaríkjastjórn ákvað á síðastliðnu ári að endurskoða afstöðu sína til uppkastsins. Niðurstöður þeirrar endurskoðunar liggja nú fyrir og er ljóst, að Bandaríkin fara fram á mikilvægar breytingar á uppkastinu að því er varðar reglurnar um málmvinnslu á alþjóðahafsbotnssvæðinu. Verða þessar tillögur ræddar á lokafundi (11. fundi) Hafréttarráðstefnunnar í New York 8. mars til 30. apríl 1982. Ef samkomulag næst, er ráðgert, að hafréttarsáttmáli verði undirritaður í Caracas í september 1982.

Jan Mayen.

Í framhaldi af samkomulaginu sem gert var við Norðmenn hinn 10. maí 1980 um lausn ágreinings ríkjanna varðandi Jan Mayen svæðið starfaði þriggja manna sáttanefnd um afmörkun landgrunnsins fram á s. l. vor. Skilaði hún þá tillögum sínum til ríkisstjórnanna og á grundvelli þeirra var hinn 22. október 1981 gengið frá formlegu samkomulagi milli ríkisstjórna Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen. Samkomulag þetta var lagt fyrir Alþingi, sem heimilaði staðfestingu þess fyrir Íslands hönd. Þar með hefur verið gengið frá öllum þáttum þessa máls á þann hátt að ég tel að Íslendingar megi vel við una.

Í þessu sambandi má geta þess að Danir f. h. Grænlands og Norðmenn eiga nú í samningaviðræðum um afmörkun lögsögunnar milli Grænlands og Jan Mayen. Norðmenn ákváðu með reglugerð sinni um útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Jan Mayen að miðlína skyldi gilda í átt að Grænlandi. Þessu hafa Danir mótmælt f. h. Grænlands og krefjast fullrar lögsögu í átt að Jan Mayen á sama hátt og Íslendingar hafi náð fram í samningum sínum við Norðmenn og með svipuðum rökum.

Önnur hafsbotsmálefni.

Í viðræðum við Færeyinga hinn 12.—13. janúar 1981 var óskað eftir samstarfi þessara tveggja þjóða um kröfugerð vegna skiptingar landgrunnsins sunnan Íslands í samræmi við ályktun Alþingis frá 19. maí 1980. Ráðherrar Færeyinga, sem aðeins höfðu verið fáa daga í embætti, lofuðu að kynna sér þessi mál. Jafnframt var á það bent, að Danir færu formlega

með þennan málaflokk fyrir hönd Færeyinga og að viðræður stæðu yfir milli sendinefnda á Hafréttarráðstefnunni, auk þess sem jarðfræðingar ynnu að gagnasöfnun. Viðræðum sérfræðinga hefur verið haldið áfram.

Bæði Bretum og Írum voru sendar orðsendingar og óskað eftir viðræðum við þá um landgrunnsmálin. Bretar sendu jákvæð svör, en Írar kvádust ekki vera reiðubúnir til viðræðna meðan deila þeirra og Breta vegna Rockall-svæðisins væri óleyst.

Er ég var með forseta Íslands í opinberri heimsókn í Bretlandi nú nýlega átti ég viðræður við Lord Carrington, utanríkisráðherra Breta. Í þeim viðræðum tók ég upp Rockallmálið og afmörkun landgrunns á því svæði. Var það ósk mín að hafnar yrðu formlegar viðræður í síðasta lagi á fundi Hafréttarráðstefnunnar, sem hófst þann 8. þ. m. Lord Carrington féllst á að athugað væri að fela tveim þjóðréttarfræðingum að kanna allar hliðar málsins og undirbúa hinar formlegu viðræður. Niðurstöður þessara athugana liggja ekki enn fyrir en búist er við svörum alveg á næstunni.

Milliríkjasamningur um verndun lax í Norður-Atlantshafi.

Dagana 18.—22. janúar 1982 var haldin í Reykjavík í boði ríkisstjórnarinnar alþjóðaráðstefna um verndun lax í Norður-Atlantshafi. Þátttakendur í ráðstefnunni voru Bandaríkin, Danmörk fyrir hönd Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Ísland, Kanada, Noregur og Svíþjóð. Ráðstefnan samþykkti samning um verndun lax í Norður-Atlantshafi. Samningurinn var síðan lagður fram til undirritunar í Reykjavík 2. mars 1982.

Samkvæmt samningnum verður sett á laggirnar alþjóðastofnun um verndun laxastofna í Norður-Atlantshafi með aðsetri í Edinborg. Megintilgangur stofnunarinnar verður að stuðla að samvinnu ríkja við Norður-Atlantshaf á þessu sviði. Yfirstjórn stofnunarinnar er í höndum ráðs sem í eiga sæti fulltrúar ofangreindra samningsaðila.

Þá verða settar á stofn þrjár svæðisnefndir, þ. e. Norður-Ameríkunefnd, Vestur-Grænlandsnefnd og Norðaustur-Atlantshafsnefnd. Hlutverk þeirra verður að setja reglur um verndun laxastofna á hverju svæði fyrir sig.

Grænland og EBE.

Á árinu 1980 hófust viðræður við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskverndar- og fiskveiðimál vegna sameiginlegra hagsmuna á hafsvæðunum milli Íslands og Grænlands. Síðasti samningafundur þessara aðila fór fram dagana 8.—9. júlí 1981. Þar náðist bráðabirgðasamkomulag um efnisatriði rammasamnings um samstarf, en endanlegt samþykki var háð samkomulagi um kvóta á helstu fisktegundum, loðnu, karfa og rækju, og skiptingu kvótans. Svo mikið bar í milli aðila í þeim málum að frekari viðræðum var frestað um óákveðinn tíma.

Engin ákvörðun hefur enn verið tekin um framhaldið, enda var m. a. beðið þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Grænlandi um úrsögn úr Efnahagsbandalaginu. Úrslit hennar liggja nú fyrir og valda þau enn meiri óvissu um framhald viðræðna okkar við bandalagið. Þó er ljóst, að allt að tvö ár munu líða þar til Grænendingar geta tekið að fullu við þessum málaflokki. Á þeim tíma munu þeir leita samninga við bandalagið um einhvers konar tengsl eftir formlega úrgöngu. Þessi mál þarfnast því nýrrar skoðunar nú og því til viðbótar kemur, að Noregur hefur óskað eftir því við okkur að efnt verði til þríhliða viðræðna, einkum um stjórnun á loðnustofninum, milli Noregs, Íslands og EBE, fyrir hönd Grænlands. Mun sá fundur væntanlega fara fram í maímánuði og verður höfuðáherslan lögð á að fá Efnahagsbandalagið til samstarfs um algert bann við loðnuveiðum, a. m. k. þar til nýjar mælingar hafa farið fram í haust.

Veiðar annarra þjóða við Ísland.

Hinn 10. júní 1981 voru gerðar breytingar á samningi Íslands við Belgíu frá 1975 um fiskveiðiheimildir við Ísland. Í þeim fólst m. a. að eftirlit með veiðum Belga var mjög hert, veiðisvæði voru þrengd og löndun á afla togaranna af Íslandsmiðum var bönnuð utan Belgíu. Frá 1. janúar 1982 er árskvóti belgísku skipanna 4.400 lestir og hlutfall þorsks í heildarafla hvers skips í hverri veiðiferð má aldrei fara fram úr 25%.

Færeyingar hafa heimild til veiða hér við land skv. samningi frá 1976 með breytingum frá 1979 og 1981. Árskvóti af botnfiski er 17.000 lestir og þar af má þorskafla ekki fara yfir 6.000 lestir. Á undanförunum árum hefur auk þessa verið samið í upphafi hvers árs um gagnkvæmar veiðiheimildir á kolmunna, allt að 20.000 lestum, og er um þessar mundir verið að ganga frá endurnýjun sams konar veiðiheimilda fyrir árið 1982.

Loks hafa Norðmenn heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland, allt að 2.000 lestum, þó þannig að þorskafla fari ekki fram úr 300 lestum. Ennfremur er nú ráðgert að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir á kolmunna við Ísland og Noreg, allt að 20.000 lestum á árinu 1982.

VI. Þróunarsamvinna.

Á allrasíðustu árum hefur skilningur verulega vaxið á því að Íslendingar sem velmegun-arpjód verði að auka stuðning sinn við þau ríki sem skemmst eru komin á þróunarbrautinni. Fjárframlög til þessa málaflokks hafa aukist, en eru þó ennþá langt frá því að vera sambærileg við þann stuðning sem önnur Norðurlönd veita. Aukningin er samt ánægjufni enda var þar um að ræða í krónutölu nálægt tvöföldun milli fjárlaga árána 1981 og 1982 á fjárveitingu til þeirrar aðstoðar Íslendinga við þróunarríki sem þeir standa að sjálfstætt og í samvinnu við Norðurlöndin, auk verulegrar hækkunar íslenskra framlaga er fara í gegnum alþjóðastofnanir. Í heild nemur fjárveiting Íslands til þróunarríkja á fjárlögum nú því herra hlutfalli af áætlaðri þjóðarframleiðslu en nokkru sinni fyrr, eða 0,065% (sjá töflu aftast — árið 1980 fellur utan þessa samanburðar þar eð hluti framlags var á lánsfjáráætlan). Hefur hlutfall þetta hækkað um nálægt fimmting á einu ári. Stefnan er því rétt. Nauðsynlegt er hinsvegar að stíga næstu árin markviss skref og mun stærra til að ná því takmarki að framlög hins opinbera nemi 0,7% þjóðarframleiðslunnar, jafnhliða því sem frjáls framlög almennings, þ. e. einstaklinga, fyrirtækja og samtaka, verði 0,3% — eða aðstoðin samtals 1% af þjóðarframleiðslu.

Á liðnu ári hefur samstarfi Íslands við þróunarríkin í öllum meginatriðum verið hagað með svipuðum hætti og áður. Ný löggjöf, lög nr. 43/1981 um Þróunarsamvinnustofnun Íslands tóku gildi um mitt árið og er þeim ætlað að verða grundvöllur þess að færðar verði út kvíarnar á næstu árum. Stofnunin hefur nýlega fengið fast aðsetur í hinum nýju húsakynnum Framkvæmdastofnunar ríkisins og ráðið sér hálfsdags starfsmann til að vinna að framkvæmdum.

Fiskveiðiaðstoðin við Kenya og Cabo Verde hefur haldið áfram, en það eru þau tvíhliða aðstoðarverkefni sem ráðist hefur verið í. Að loknu reynslutímabili, sem skilað hefur nokkrum árangri, var fallist á tilmæli ríkisstjórnar Cabo Verde um framlengingu fiskveiðiverkefnisins þar og undirritaður í nóvember s. l. rammasamningur er gildir til ársloka 1985. Verða síðan innan þess ramma gerðar framkvæmdaáætlanir fyrir eitt ár í senn og fjárskuldbindingar ákveðnar í samræmi við þær. Markmið þeirrar starfsemi sem fram fer skv. samningnum er að leiða til fulls í ljós hverjir fiskveiðimöguleikar eru við strendur Cabo Verde og stuðla að sem árangursríkastri og hagkvæmastri nýtingu þeirra möguleika í þágu íbúa landsins, en efnahagsástand er þar mjög erfitt. Það sem hæst ber nú varðandi aðstoðarverkefni þetta er sú ákvörðun að smíða sérhannað skip til fiskveiða við þær aðstæður sem ríkja við Cabo Verde og hjá hliðstæðum þróunarríkjum. Er að því stefnt að það komist í gagn

sem fyrst og að þá verði hægt að halda áfram fiskileit og veiðitilraunum sem unnið var að á tímabilinu 1980—81 á R/S „Bjarti“, sem kom heim fyrir s. l. áramót og hefur nýlega verið seldur. Í þessu millibilsástandi er m. a. unnið að leiðbeiningastarfi og ýmsum undirbúningi næsta áfanga, þ. á m. dvelst Cabo Verde-maður hér í vélstjóranámi. Að því er Kenya-verkefnið snertir, þar sem dvalið hefur einn skipstjóri við margháttað kennslu- og leiðbeiningastörf, þá var það einnig framlengt á s. l. ári en lýkur skv. nágildandi samningi í júlilok n. k.

Samvinna Norðurlandanna beinist áfram að sömu verkefnum og áður, en nokkrar skipulagsbreytingar í átt til aukinnar hagkvæmni tóku gildi á s. l. ári í formi nýs samnings um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar frá 5. maí 1981, sbr. Stjórnartíðindi C-deild, augl. nr. 5/1981. Norrænu verkefni snúast um uppbyggingu samvinnureksturs í Kenya og Tansaníu og eflingu landbúnaðar í Tansaníu og Mósambík. Einnig standa Norðurlöndin saman að því innan vébanda Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) að efla fjölmiðlun í Afríkurlíkum.

Um þriggja ára skeið hefur starfað hér á landi deild úr Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem annast fræðslu um jarðhitaleit og jarðhitanytingu. Jarðhitaskólinn starfar á grundvelli samnings milli Orkustofnunar og Háskóla S. P., sem tók gildi 1. mars 1979. Á s. l. ári dvöldust hér á landi um sex mánaða skeið 7 styrkþegar, 3 frá Kína, 2 frá Filippseyjum, 1 frá Mexíkó og 1 frá Nicaragua. Auk þess dvöldust 2 fulltrúar frá Kína hjá skólanum um þriggja vikna skeið. Á þessu ári er von á 6 styrkþegum frá Indónesíu, Kenýa, Mexíkó og væntanlega Filippseyjum. Auk þeirra þjálfunar- og fræðslustarfa, sem hér hefur verið getið um, gegnir jarðhitaskólinn hér því lykilhlutverki á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU) að annast starfsemi alþjóðlegrar ráðgjafar- og samvinnunefndar um jarðhitapjálfun á vegum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra.

Þess má að lokum geta að á síðustu misserum hafa nokkur þróunarríki látið í ljós sérstakan áhuga á að fá aðstoð héðan m. a. við uppbyggingu fiskveiða. Mun það koma í hlut hinnar nýju Þróunarsamvinnustofnunar Íslands að kanna þær beiðnir og gera tillögur um hugsanleg ný aðstoðarverkefni. En beiðnir þessar bera með sér að hróður íslenskra fiskimanna hefur víða farið. Bæði á sviði fiskveiða og nýtingar jarðhita hafa íslenskir ráðunautar reyndar um langt árabíl unnið gagnmerkt starf í ýmsum löndum m. a. á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) og annarra S. P. stofnana.

VII. Utanríkisviðskipti.

Eins og að undanfögnu annaðist viðskiptaráðuneytið í samvinnu við sendiráðin framkvæmd utanríkisviðskipta. Á það skal lögð rík áhersla, að þessi málaflokkur er veigamikill þáttur í starfi allra sendiráða okkar. Til þeirra allra berst fjöldi fyrirspurna um viðskiptaatriði. Þá eiga þau einnig þátt í að aðstoða útflytjendur og umboðsmenn þeirra við vörुकynningar. Segja má að viðskiptamál séu höfuðviðfangsefni sendiráðsins í Moskvu, fastanefndarinnar í Genf, sendiráðsins hjá EBE í Brussel, sendiráðsins í París, sem jafnframt er fastanefnd hjá OECD og sendiráð fyrir Portúgal og Spán, svo og sendiráðsins í Washington og viðskiptafulltrúa þess í New York. Frá því seint á árinu 1978 starfaði sérstakur viðskiptafulltrúi við sendiráðið í París, en hann lét af störfum í árslok 1981. Síðar í vor mun sérstakur viðskiptafulltrúi fara til starfa við sendiráðið í London. Hér á eftir fer skýrsla viðskiptaráðuneytisins um þróun utanríkisviðskipta árið 1981.

Utanríkisviðskiptin 1981.

Með yfirliti þessu er ætlunin að skýra frá því markverðasta í þróun utanríkisviðskiptanna árið 1981 og segja frá helstu breytingum, sem orðið hafa á viðskiptum við hin ýmsu ríki og markaðssvæði.

Sala á íslenskum útflutningsafurðum gekk yfirleitt vel á árinu 1981, en seinni hluta árs lækkaði verð á áli og kísiljárni og sölutregða gerði vart við sig vegna efnahagserfiðleika í markaðslöndunum. Verðmæti útflutningsins var um 7% hærra en á árinu áður. Hins vegar var verðmæti innflutningsins um 14% hærra og er hvort tveggja þá miðað við sambærilegt gengi. Vöruskiptajöfnuðurinn var óhagstæður um 196 millj. kr., en hafði verið hagstæður um 203 millj. kr. árið áður, og er þá miðað við gengi ársins 1981. Bæði útflutningurinn og innflutningurinn er reiknaður á fob-verði. Verðmæti útflutningsbirgða jókst um 253 millj. kr. á móti 110 millj. kr. árið áður reiknað á gengi ársins 1981.

Ein af ástæðunum fyrir hallanum á vöruskiptajöfnuðinum er hin gífurlega hækkun á olíuvörum síðan 1978. Ef reiknað er með óbreyttu verðlagi í dollurum, hefði innflutningsverð á þrem helstu olíuvörunum, gasolíu, svartolíu og bensíni, orðið á árinu 1981 \$54,0 millj., en var í reynd \$133,8 millj. og samsvarar það 2,8% af þjóðarframléiðslu. Þegar fyrri olíukreppan skall á 1973 hafði það ásamt öðru í för með sér halla á viðskiptajöfnuðinum, sem samsvaraði um 11% af þjóðarframléiðslunni árin 1974 og 1975.

Samkvæmt áætlun Seðlabankans var þjónustujöfnuðurinn óhagstæður um 812 millj. kr., en var óhagstæður um 639 millj. kr. árið 1980. Stafar þessi aukning m. a. af hækkun vaxta af erlendum lánum. Viðskiptajöfnuðurinn er því óhagstæður um 1000 millj. kr. árið 1981, sem er áætlað nálægt 5% af þjóðarframléiðslu. Gjaldeyrisstaða bankanna batnaði samt um 435 millj. kr., sem stafar af því, að nýjar erlendar lántökur voru hærri, sem þessu nemur, en endurgreiðslur á eldri lánum.

Þrátt fyrir það, að verðmæti útflutningsins hafi hækkað um 7% og verðmæti innflutningsins um 14%, reyndust viðskiptakjörin 1% betri að meðaltali á árinu 1981 en þau voru árið 1980. Séu álviðskiptin undanskilin bötunðu viðskiptakjörin um 3,4%. Er þetta nokkrum minni bati en spáð hafði verið um mitt ár, en á síðasta ársfjórðungi varð talsverð hækkun á innflutningsverði meðan útflutningsverð lækkaði m. a. vegna lækkunar á gengi dollarans gagnvart Evrópugjaldmiðlum.

Á árinu 1981 voru sjávarafurðir um 78% af heildarútflutningum og voru freðfiskflök eins og áður stærsta útflutningsvaran. Nokkur breyting varð þó á, því að útflutningur á freðfiskflökum minnkaði nokkuð aðallega vegna minni útflutnings til Bandaríkjanna. Hins vegar jókst útflutningur á freðfiskflökum til EBE ríkja. Einnig jókst útflutningur mjög mikið á skreið og saltfiski. Markaðurinn í Nígíeríu hélt opinn og var verðlag þar fyrir skreið hagstætt. Voru flutt út rúmlega 18.000 tonn af skreið til Nígíeríu og var Nígíería þriðji stærsti útflutningsmarkaður okkar Íslendinga. Þá varð mikil aukning á útflutningi á saltfiski, einkum til Portúgal. Þrátt fyrir stöðuga efnahagserfiðleika í Portúgal hefur tekist að auka útflutning þangað verulega. Íslensk stjórnvöld hafa haft frumkvæði að auknum vörukaupum þaðan og er ástæða til að halda því áfram, jafnþýðingarmikill markaður og Portúgal er.

Útflutningur iðnaðarvara nam um 19% af heildarútflutningi. Útflutningur á áli minnkaði nokkuð, sem stafar af sölutregðu á erlendum mörkuðum og söfnuðust því fyrir birgðir á árinu. Hinsvegar varð talsverð aukning á útflutningi á kísiljárni.

Eftir stöðuga aukningu á útflutningi ullaarvara undanfarin ár stóð þessi útflutningur í stað á síðasta ári. Helstu skýringar á þessu eru að gengi gjaldmiðla í Vestur-Evrópu hækkaði ekki til jafns við dollar og einnig minnkaði útflutningur til Sovétríkjanna.

Útflutningur landbúnaðarafurða var 1,4% af heildarútflutningnum og voru helstu breytingar minni útflutningur á kindakjöti og ostum.

Árið 1981 nam útflutningur til EFTA ríkjanna um 1.138 millj. kr., sem er 17,4% af heildarútflutningnum. Er þetta nokkuð hærra hlutfall en árið áður, sem stafar af stóru auknum útflutningi á saltfiski til Portúgal. Nam útflutningur til Portúgal 10,7% af heildarútflutningnum árið 1981. Innflutningur frá EFTA ríkjunum var hins vegar 23,9% af heildarinnflutningnum.

Útflutningur til EBE ríkja var 31,3% af heildarútflutningnum og hafði þetta hlutfall minnkað úr 37,5% árið áður m. a. vegna minni álútflutnings. Innflutningur var hins vegar 44,4% af heildarinnflutningnum, sem var svipað og árið áður.

Grikkland gerðist aðili að EBE 1. janúar 1981. Alþingi samþykkti heimild til að undirrita viðbótarbókun við viðskiptasamning Íslands og EBE eins og önnur EFTA ríki gerðu. Samningaviðræður um aðild Portúgal og Spánar héldu áfram á árinu og er stefnt að því að þessi lönd gerist aðilar 1984. Ef þessi lönd gerast aðilar að EBE þarf að gera sams konar viðbótarbókun eins og gerð var vegna aðildar Grikklands að EBE. Með stækkun EBE eykst þýðing fríverslunarsamninganna og styrkir það samvinnu EFTA og EBE ríkjanna, sem byggð er á gagnkvæmum viðskiptafríðindum.

Verðmæti útfluttra sjávarafurða til EBE ríkjanna var um 1.048 millj. kr. árið 1981. Samkvæmt lauslegum útreikningum námu tollaívilnanir vegna þessa útflutnings um 103 millj. kr. Tollaívilnanir vegna útflutnings iðnaðarvara til EBE ríkjanna námu um 53 millj. kr. Samtals eru þessar tollaívilnanir um 156 millj. kr. Þýðingarmestu vörurnar eru fryst fiskflök, ísfiskur, rækja og lagmeti. Árið 1975 áður en bókun nr. 6 við fríverslunarsamninginn við EBE kom til framkvæmda var útflutningur á frystum fiskflökum til EBE 2.500 tonn, en í fyrra var útflutningurinn 26.000 tonn. Hefur tollfrelsi fyrir fryst fiskflök átt mikinn þátt í þessari aukningu. Þýðingarmestu tollaívilnanir á iðnaðarvörum, eru á áli, prjónavörum og kísiljárn. Útflutningur til EFTA ríkjanna var um 1.131 millj. kr. og eru tollaívilnanir lauslega áætlaðar um 28 millj. kr. Munar þar mest um tollaívilnanir á áli og prjónavörum.

Á fundum sameiginlegrar nefndar Íslands og EBE, sem haldnir eru tvisvar á ári, var af Íslands hálfu lögð áhersla á að frjáls viðskipti héldust áfram með þær sjávarafurðir, sem fríverslunarsamningurinn nær ekki til. Í því sambandi var sérstaklega rætt um saltsíld og söltuð ufsaflök, en EBE hefur smám saman hækkað tolla á þessum afurðum. Samkvæmt sérstökum undanþágum höfðu tollar á þessum afurðum verið lækkaðir eða felldir niður, en eftir því sem framboð á þeim hefur farið vaxandi innan EBE hefur krafa um tollahækkunir innan EBE orðið háværari. Núgildandi tollur fyrir saltsíld er 8%. Ytri tollur EBE er 20%, en samkvæmt samningi Íslands má ekki leggja á íslenska saltsíld hærri toll en 10%.

Þegar litið er á þann hag sem útflutningurinn hefur orðið aðnjótandi vegna fríverslunar við 16 Evrópuríki er það óhagræði sem af henni hefur leitt fyrir einstaka iðngreinar smávæglegt. Um tíma var reynt að draga úr vandamálum iðnaðarins með því að leggja á 3% aðlögunargjald á þær vörur, sem fella átti tolla niður á. Samþykkt EFTA ráðsins fékkst fyrir þessu gjaldi í 18 mánuði til ársloka 1980, en EBE var því mótfallið, en lét það afskiptalaust. Athugun fór fram á því hvort hægt væri að fá samþykki fyrir því að fella aðlögunargjaldið niður í áföngum. Átti Tómas Árnason, viðskiptaráðherra viðræður við Wilhelm Haferkamp, einn af framkvæmdastjórum EBE um þetta mál, en án árangurs. Var því horfið frá þeirri hugmynd.

Með lakkandi tollum í alþjóðaviðskiptum hafa aðrar viðskiptahindranir eins og styrkir og niðurgreiðslur til iðnaðar aukist og hefur vaxandi atvinnuleysi og samdráttur átt sinn þátt í þessari þróun. Innan EFTA hafa þessi mál verið mikið til umræðu, enda eru opinberir styrkir sem taldir eru skerða þann hag sem aðildarríkin gætu vænst af fríversluninni í ósamræmi við stofnsamning EFTA. Nefnd viðskiptasérfræðinga innan EFTA skilaði í mars 1981 skýrslu til EFTA ráðsins. Í skýrslunni er ítarleg skrá yfir margvíslegar styrktaraðgerðir, en samt segir í niðurstöðum nefndarinnar að ekki sé hægt að benda á neinar styrktaraðgerðir sem brjóti í bága við stofnsamninginn. Sumir nefndarmenn vildu þó ekki útiloka að einhverjar styrktaraðgerðir hefðu haft neikvæð áhrif á viðskipti milli EFTA ríkjanna, en aðrir vildu undirstrika að engin slík neikvæð áhrif hefðu gert vart við sig. Ætlunin er að halda þessum athugunum áfram.

Eins og skýrt var frá í skýrslu síðasta árs tókst ekki samkomulag innan EFTA um að láta fríverslun ná til allra sjávarafurða. Í framhaldi af þeim umræðum var í nóvember 1981 gerður samningur milli Íslands og Sviss um tollfrjálsan innflutning í Sviss á öllum íslenskum sjávarafurðum sem EFTA stofnsamningurinn náði ekki til.

Einn liður í hinum almennu viðskiptaviðræðum í GATT, sem lauk árið 1979 var gerð fimm samninga sem miða að því að auðvelda alþjóðaviðskipti. Er hér um að ræða samninga um opinber innkaup, tollverð vara, tæknilegar viðskiptatálmanir, styrki og jöfnunartolla og innflutningsleyfi. Ísland hefur ekki enn gerst aðili að þessum samningum.

Viðskipti við Austur-Evrópuríki voru með hefðbundnum hætti, nema hvað viðskiptin við Pólland minnkuðu mjög mikið vegna innanlandsástandsins þar. Pólland hefur verið helsti markaður Íslendinga fyrir fiskimjöl og gærur. Til Póllands hafa árlega verið flutt út 20.000—35.000 tonn af fiskimjöli, en á síðasta ári var þessi útflutningur aðeins rúm 11.000 tonn. Var Pólverjum veittur greiðslufrestur vegna þessara fiskimjölskaupa, sem er óvenjulegt í slíkum viðskiptum. Af hálfu Pólverja var staðið í skilum með greiðslur svo engin vandræði sköpuðust. Í nóvember var gerður samningur við Pólverja um sölu á gærum og hefur ábyrgð verið opnuð fyrir fyrstu afskipunum.

Í síðustu skýrslu var skýrt frá nýjum viðskiptasamningi við Sovétríkin, sem undirritaður var í september 1980 og gildir fyrir árin 1981—85. Er þar um að ræða rammásamning, en síðan eru gerðir árlegir kaup- og sölusamningar á grundvelli hans. Markverðasta breytingin frá fyrri árum er hin gífurlega aukning á sölu saltsíldar. Vegna hækkunar á samningskvótum þrefaldaðist saltsíldarmagnið, sem framleitt var fyrir Sovétríkin á haustvertíðinni 1980, og voru fluttar út 160.000 tonn. Af saltsíldarverkun ársins 1981 voru 150.000 tonn seldar til Sovétríkjanna og var það 83% af heildarframleiðslunni. Samt sem áður er freðfiskur lang stærsta útflutningsvaran til Sovétríkjanna. Í fyrra voru seld þangað 14.000 tonn af frystum flökum, einkum karfaflökum, og 4.000 tonn af heilfrystum fiski. Seint á árinu var gerður sölusamningur fyrir þetta ár og hækkaði þá magnið af flökum upp í 17.000 tonn, en magnið af heilfrysta fiskinum var óbreytt, 4.000 tonn. Talsvert var selt af ullarvörum og lagmeti til Sovétríkjanna, en ágreiningur um verð hefur leitt til nokkurs samdráttar frá því sem áður var. — Enda þótt þróun útflutningsins hafi yfirleitt verið hagstæð er samt mikill halli á vöruskiptum við Sovétríkin vegna kaupa á olíuvörum þaðan og hækkaðs verðlags á þeim undanfarin 3 ár.

Eftir það áfall sem íslenskt efnahagslíf varð fyrir við seinni olíukreppuna, sem hófst 1979, var afraðið að reyna að tryggja stöðugra verðlag en dagverð Rotterdammarkaðarins leiddi af sér.

Var því í aprílmánuði 1980 gerður samningur við breska ríkisolíufélagið BNOC um kaup á 100.000 tonnum af gasolíu á seinna misseri 1980 og sama magni á árinu 1981. Vegna minnkandi gasolíunotkunar og óhagstæðs verðs var þó á síðari stigum ákveðið að lækka magnið í 60.000 tonn fyrir árið 1980 og 60.000 tonn 1981, en auk þess voru 20.000 tonn af svartolíu flutt inn frá BNOC á árinu 1981, svo í heild urðu innkaupin þaðan á því ári 80.000 tonn af unnum olíuvörum. Nokkur umræða hefur spunnist um olíuviðskiptasamninginn við BNOC, aðallega um verðlagsþáttinn. Samið var um verð með hliðsjón af gildandi langtíma-verðlagi í norðvestur-Evrópu, („term price“). Verðið skyldi ákveðið ársfjórðungslega milli aðila, en að auki skyldi verðið breytast innan hvers ársfjórðungs með skráðu hráolíuverði BNOC á hverjum tíma.

Þetta verð hefur reynst allmiklu hærra en Rotterdam-skráningar á sama tíma.

Alls hafa 6 farmar af gasolíu komið til landsins frá BNOC, þar af 3 á árinu 1981. Verð 5 fyrstu farmanna reyndist allmiklu hærra, en ef keypt hefði verið á verði miðað við Rotterdam-markað og munar þar tæpum 22 milljónum króna, en verð 6. farmsins var svipað og Rotterdamverð. Áformað hafði verið að flytja inn 20.000 tonn af gasolíu frá BNOC í

nóvember 1981, en samningar tókust ekki um verð og urðu aðilar ásáttir um að láta kaupin niður falla og var þetta magn keypt annars staðar frá á mun hagstæðara verði en BNOG gat boðið. Rotterdamverð reyndist tiltölulega stöðugt á s. l. ári og hefur lækkað verulega frá s. l. áramótum.

Viðræður um olíuviðskipti við Sovétríkin vegna ársins 1982 fóru fram í Moskvu í september 1981. Á grundvelli viðskiptasamningsins frá 1980 var undirritaður samningur við „Sojuznefte-export“ hinn 11. september 1981 um kaup á 70.000 tonnum af bensíni, 100.000 tonnum af gasolíu og 160.000 tonnum af svartolíu fyrir árið 1982. Er það svipað magn og flutt var inn frá Sovétríkjunum 1981. Í samningnum er tiltekið, að verð skuli miðað við Rotterdam-skráningu eins og verið hefur undanfarin ár, en allar götur frá 1953 er olíuviðskipti hófust milli ríkjanna, hefur verð á olíu frá Sovétríkjunum miðast við dagverð.

Auk þeirra samninga sem að framan getur og gerðir eru milli viðskiptaráðuneytisins og ríkisfyrirtækja, hafa íslensku olíufélögin gert samninga um kaup á verulegu magni olíuvara. Á þeirra vegum voru á árinu t. d. flutt inn 32.000 tonn af gasolíu frá Hollandi. Þá voru 35.000 tonn flutt inn frá Portúgal, bæði bensín og gasolía og var það gert með tilliti til almennra viðskiptahagsmuna.

Nefnd skipuð fulltrúum viðskiptaráðuneytisins og olíufélaganna átti viðræður við norska ríkisolíufélagið „STATOIL“ í marsmánuði fyrra árs um hugsanleg bensínkaup, en samningar tókust ekki, með því að Norðmenn settu upp miklu hærri verð en Íslendingar gátu sætt sig við.

Alls nam olíuinnflutningurinn á árinu 1981 530 þúsund tonnum, en á árinu 1980 554 þúsund tonnum.

VIII. Utanríkisþjónustan.

Starfsemi utanríkisþjónustunnar á undanfögnu ári var með svipuðum hætti og áður.

Tekið var upp stjórnmalasamband við Nepal og Bahrein og íslenskur sendiherra afhenti í fyrsta sinni trúnaðarbréf í Saudi-Arabíu. Alls hefur Ísland nú stjórnmalasamband við 65 ríki, en ekki hafa enn verið útnefndir sendiherrar hjá þeim öllum. Sem stendur höfum við sendiherra hjá 55 ríkjum og í apríl er ráðgert að íslenskur sendiherra afhendi trúnaðarbréf bæði í Suður-Kóreu og í Norður-Kóreu. Ísland hefur haft stjórnmalasamband við hið fyrrnefnda frá 1963, en hið síðarnefnda frá 1973. Bæði ríkin tilnefndu sendiherra á Íslandi fljótlega eftir upptöku stjórnmalasambands, en af okkar hálfu hefur dregist að útnefna sendiherra þar til nú, m. a. vegna þess að til skamms tíma var fyrirstaða gegn því að veita sama manni viðurkenningu í báðum þessum ríkjum. Þegar íslenskur sendiherra hefur afhent trúnaðarbréf í Suður-Kóreu og Norður-Kóreu verða þau ríki, sem við höfum sendiherra hjá, alls orðin 57. Hagsmuna okkar í þessum ríkjum er gætt af 10 sendiherrum erlendis og 2, er starfa í ráðuneytinu í Reykjavík. Ólaunaðir kjöræðismenn Íslands eru u. þ. b. 200 víðs vegar um heim, þ. á m. í nokkrum löndum, sem við höfum enn ekki tekið upp formlegt stjórnmalasamband við.

Vert er einnig að hafa í huga, að í nær 15 ár hefur verið í gildi samkomulag milli Norðurlanda um gagnkvæma aðstoð í ræðismálefnum, þannig að fulltrúar einhvers hinna Norðurlandanna gæta hagsmuna þess eða þeirra, sem ekki hafa sendiráð eða ræðismann á þeim stað. Kemur það sér oft vel, ekki síst þegar slys ber að höndum eða eitthvað annað bjátar verulega á, þótt skyldur þessara aðila séu að sjálfsögðu verulega takmarkaðri en okkar eigin fulltrúa.

Í skýrslu minni á s. l. ári lagði ég áherslu á nauðsyn þess að fá strax 3—4 nýja starfsmenn til starfa þar sem vinnuálagið í utanríkisþjónustunni er mest. Nokkuð hefur verið komið til

móts við þessar óskir með heimild fjárveitingarvaldsins fyrir 2 nýjum stöðum í utanríkisþjónustunni. Annar hinna nýju starfsmanna er þegar kominn til Washington, en hinn mun starfa við ráðuneytið. Þetta er spor í rétta átt, en ennþá eru mörg sendiráða okkar of fáliðuð til að geta sinnt svo sem skyldi allri þeirri hagsmunagæslu víða um heim, sem nútíma þjóðfélög þurfa á að halda.

Seint á árinu 1978 var stofnað til embættis sérstaks viðskiptafulltrúa við sendiráðið í París. Viðskiptafulltrúinn starfaði þar í 3 ár og vann mikilsvert starf að söfnun upplýsinga um markaðsmál í Frakklandi og nálægum löndum, auk þess að efla sambandið milli íslenskra útflytjenda og innflytjenda í þessum löndum og aðstoða við íslenskar vörusýningar. Þessi viðskiptafulltrúi flutti aftur til Íslands um s. l. áramót og hef ég nú ákveðið að senda í hans stað viðskiptafulltrúa til London, sem starfa mun við sendiráðið þar og hafa m. a. það hlutverk að leita nýrra markaða í Bretlandi og fleiri löndum, auk þess að vinna að því að efla og treysta skreiðarmarkaðinn í Nígeríu, en hagsmuna Íslands þar í landi er gætt af sendiráðinu í London.

Þótt ýmis sendiráð okkar starfi mjög mikið að viðskiptamálum, eins og nánar er rakið í upphafi kaflans um utanríkisviðskiptin, þá háir starfsmannaskortur oft verulega, því að starfssviðið er æði víðtækt. Þá er og umhugsunarefni sú skipting starfa milli utanríkisráðuneytis annars vegar og viðskiptaráðuneytis hins vegar, sem gilt hefur um langt skeið. Hérlandis eru utanríkisviðskiptamál lögð undir viðskiptaráðuneytið. Nánar tiltekið er hér um að ræða útflutningsverslun, undirbúning og framkvæmd viðskiptasamninga, skipti Íslands við alþjóðleg efnahags- og viðskiptasamtök og fjármálastofnanir og loks vörusýningar erlendis.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar starfa ýmist í sendiráðum okkar erlendis eða í utanríkisráðuneytinu hér heima. Erlen­dis er það eitt af höfuðhlutverkum þeirra að vinna einmitt að þeim störfum, sem í Reykjavík falla undir viðskiptaráðuneytið. Gott samstarf hefur að vísu ríkt milli ráðuneytanna tveggja um þessi mál og viðskiptaráðuneytið hefur dagleg samskipti við sendiráð okkar vegna viðskiptamála. Á hinn bóginn eru ýmsir annmarkar á þessari tilhögun. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar fá ekki þau kynni af viðskiptamálunum hér heima, sem þeir fá af öðrum málaflokkum utanríkisþjónustunnar, en einmitt þau kynni eru afar nauðsynleg til að starfskraftar þeirra nýtist sem best úti í sendiráðunum. Ennfremur skortir persónuleg tengsl við samtök og fulltrúa útflutningsins og breytir stutt kynnisdvöl starfsmanna utanríkisþjónustunnar í viðskiptaráðuneytinu þar litlu um.

Í nágrannaríkjum okkar er það ýmist að utanríkisviðskiptin séu hjá viðskiptaráðuneyti, utanríkisráðuneyti eða samstarfsstofnun beggja ráðuneyta. Þessi ríki eiga það þó öll sameiginlegt að hafa á að skipa í flestum borgum margfalt fjölmennara starfslíði en við getum nokkurn tíma haft ráð á. Þau geta þá líka leyft sér að hafa sérstaka viðskipta­fulltrúa eða jafnvel heilar viðskiptadeildir í sendiráðum sínum og sett í þau störf sérþjálfaða menn úr viðskiptaráðuneytum sínum eða viðskiptadeildum utanríkisráðuneytanna. Þegar slíkir möguleikar eru fyrir hendi skiptir heildarstjórn allra þátta utanríkismála undir einu ráðuneyti engu meginmáli.

Lítið land eins og Ísland, sem hefur sendiráð í fáum löndum og aðeins 2—3 embættismenn í hverju sendiráði til að geta hinna fjölbreytilegustu hagsmuna, hlýtur hins vegar að verða að hafa hagkvæmnissjónarmiðið að leiðarljósi. Það er einróma álit þeirra starfsmanna utanríkisþjónustunnar, sem mest hafa hugleitt þessi mál, að virk og sveigjanleg utanríkisþjónusta verði best tryggð með því að allir meginþættir utanríkismála, þar á meðal utanríkisviðskiptamál, séu í höndum utanríkisþjónustunnar bæði erlendis og hér heima.

Utanríkisviðskiptin eru slíkt stórmál fyrir Íslendinga að öllu skiptir, hvernig til tekst um framkvæmd þeirra. Ég varpa því fram þessum hugleiðingum hér í lok skýrslu minnar til þess að koma af stað umræðum um framtíðarskipulag þessara mála.

Skrá yfir framlög Íslands vegna þróunaraðstoðar árin 1975—1982 (í þús. kr.).

	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982 ¹⁾
A. Langtíma þróunaraðstoð								
1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna	97	129	160	176	280	364	521	3 600
2. Alþjóðframlástarstofnunin (IDA)	540	439	800	604	1 404	1 404	2 760	2 760
3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal		740		380	540	960		
4. Þróunarsamvinnustofnun Íslands	103	125	251	400	710	6 022	5 757	10 007
5. Alþjóðabankinn (IRBD), stofnfjárukning		900			332	456	661	1 045
6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), jarðhitadeild								
Alls	740	693	1 951	2 460	3 266	9 206	9 699	17 412
B. Önnur aðstoð, reglubundin framlög²⁾								
1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF)	22	29	35	40	59	71	138	250
2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	7	8	12	12	26	33	59	159
3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	14	16	20	21	52	100	296	347
4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflóttamenn (UNRWA)	20	24	28	29	60	88	132	110
5. Flóttamannaráð Íslands	11	6	4	4	434	182	413	108
6. Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna	1	2	2	6	10	16	29	60
7. Alþjóðanefnd Rauða Krossins	3	7	4	9	14	19	34	196
8. S-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna	1	2	2	6	10	16	29	60
9. Neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna (UNDRO)					3	12	31	69
10. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna								30
Alls	79	94	107	127	668	537	1 161	1 389
Þróunaraðstoð samtals	819	787	2 058	2 587	3 931	9 743	10 860	18 801
Hlutfall af þjóðarframlagsþjónu viðkomandi árs	0.044%	0.030%	0.056%	0.045%	0.046%	0.073%	0.054%	0.065%

Skýringar:

1) Skv. fjárlögum.

2) Framlög þessi má á vissan hátt flokka sem þróunaraðstoð, en sum þeirra eru þó e. t. v. fremur neyðarhjálp.